

Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til Búlandsvirkjunar í 3. áfanga rammaáætlunar



Anna Dóra Sæþórsdóttir,
Anna Mjöll Guðmundsdóttir,
Birgitta Stefánsdóttir og
Þorkell Stefánsson

Apríl 2016

© Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson.

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Forsíðumynd er af Skaftá. Ljósmynd: David Ostman.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9316-3-4

Efnisyfirlit

Myndaskrá	ii
Töfluskrá.....	iii
1 Inngangur	1
2 Gögn og aðferðir.....	2
2.1 Spurningalistakönnun.....	2
2.2 Viðtalskönnun	3
2.3 Lýsing Búlandsvirkjunar	7
3 Viðhorf ferðamanna	9
3.1 Einkenni svarenda	9
3.2 Upplifun ferðamanna.....	11
3.3 Viðhorfskvarðinn	12
3.4 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðamanna.....	14
3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna	15
3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja	16
3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja	17
3.8 Viðhorf ferðamanna til Búlandsvirkjunar	18
4 Viðhorf ferðaþjónustunnar.....	20
4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðaþjónustunnar.....	20
4.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar til aðgengis	22
4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Búlandsvirkjunar	24
4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins	32
5 Niðurstöður.....	35
6 Heimildir.....	36
Viðauki.....	37

Myndaskrá

1. mynd: Fyrirhuguð Búlandsvirkjun.	8
2. mynd. Störf ferðamanna (%).	10
3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna í Hólaskjól.	11
4. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.	11
5. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og að komast frá daglegu amstri og áhyggjum.	11
6. mynd. Upplifun ferðamanna í Hólaskjóli.	12
7. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).	13
8. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið við Hólaskjól?	14
9. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%).	14
10. mynd. Ástæða fyrir komu fólks á svæðið (%).	15
11. mynd. Aðdráttarafl víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.	15
12. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?	16
13. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.	17
14. mynd. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum.	17
15. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.	18
16. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Búlandsvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðið.	19
17. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjanahugmynda á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%).	19

Töfluskrá

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila	4
2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma	9
3. tafla. Búsetuland (%).....	9
4. tafla. Ferðamáti (%).	9
5. tafla. Ferðafélagar (%).	10
6. tafla. Afþreying (%).....	10

Formáli

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Hólaskjól og viðtalskönnunar við ferðaþjónustuaðila vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Skaftá. Um er að ræða Búlandsvirkjun sem er til umfjöllunar, ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, í 3. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru færðar þakkir fyrir fjárstuðninginn og starfsmönnum þess, þá sér í lagi Herdísí Helgu Schopka sérfræðingi hjá ráðuneytinu fyrir aðstoðina. Formanni verkefnisstjórnar Stefáni Gíslasyni sem og Skúla Skúlasyni formanni faghóps 1 er þakkaður stuðningurinn og skilningurinn á mikilvægi þess að safna þessum gögnum. Meðlimum faghóps 2 þeim Önnu G. Sverrisdóttur, Áka Guðna Karlssyni, Einari Torfa Finnssyni, Guðna Guðbergsyni, Sigrúnu Valbergsdóttur, Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur, Sveini Runólfssyni og Sveini Sigurmundssyni er þökkun samvinnan og góð ráð á öllum stigum verksins. Páli Jakob Líndal meðlimi í faghópi 3 er þakkað fyrir framlagið en hann bjó til tvær spurningar á spurningalistanum sem snúa að umhverfissálfræði.

Fjölmarginir hafa starfað við verkefnið og kann ég þeim öllum þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Birgittu Stefánsdóttur er þökkun röskleg framganga við að dreifa spurningalistum til ferðamanna og Ásu Margréti Einarsdóttur er þökkun kortagerð. Þorkell Stefánsson sá um tölfraðilega úrvinnslu og gerð mynda og taflna skýrslunnar. Hulda Þorsteinsdóttir og Gerður Gautsdóttir sáu um innslátt gagna. Guðmundur Björnsson tók viðtölin. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Leiðsögumönnum, fararstjórum, bílstjórum og staðarhöldurum þökkun aðstoðin við dreifingu spurningalistanna, fyrir að hvetja ferðamenn til að taka þátt í rannsókninni og fyrir að senda útfyllta lista með pósti til baka. Loks er ferðaþjónustuaðilum sem veittu viðtal og ferðamönnum sem svöruðu spurningalistunum þakkað fyrir að fórna hluta af frítíma sínum í þágu vísindanna.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsókna á áhrifum fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar á ferðamennsku og útivist. Rannsóknin er unnin vegna verkefnis sem í daglegu tali kallast rammaáætlun sem leitast eftir því að forgangsraða virkjunarmöguleikum landsins í orkunýtingar- eða verndarflokk. Fyrsti áfangi rammaáætlunar hófst árið 1999 og lauk árið 2003. Á árunum 2004–2010 var unnið að 2. áfanga hennar og er 3. áfangi unninn á árunum 2013–2017. Fjórir faghópar skipaðir sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum leggja mat á áhrif virkjananna og leggur einn þeirra, þ.e. faghópur 2 mat á áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. Með hliðsjón af upplýsingum um þær virkjunarhugmyndir sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga voru rannsökuð áhrif þrettán virkjana á ferðamennsku og útivist þar með talin fyrrnefnd Búlandsvirkjun. Komin er út skýrsla sem greinir frá heildarniðurstöðum spurningakannanna sem gerðar voru meðal ferðamanna á þessum stöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2015). Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Hólaskjól sumarið 2015 en auk þess er greint frá niðurstöðum viðtalskönnunar sem gerð var meðal ferðþjónustuaðila í Skaftárhrepp og á höfuðborgarsvæðinu veturinn 2016. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif Búlandsvirkjunar á ferðamennsku. Leitast er við að varpa ljósi á:

1. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn, hvernig skynja þeir svæðið, hversu ánægðir þeir eru með heimsókn sína og hvaða afþreyingu stunda þeir.
2. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðþjónustuaðila, hvernig nýta þeir svæðið núna og hvernig sjá þeir fyrir sér að nýta það til framtíðar.
3. Hvaða mannvirki eru æskileg á svæðinu að mati ferðamanna og ferðþjónustuaðila.
4. Hvert er viðhorf ferðamanna og ferðþjónustunnar til hugmynda um vatnsaflsvirkjanir í Skjálfandafljóti.
5. Hvaða áhrif kæmu virkjanirnar til með að hafa á starfsemi ferðþjónustunnar á svæðinu.

2 Gögn og aðferðir

2.1 Spurningalistakönnun

Spurningalistinn samanstóð af 26 spurningum. Margar þeirra voru í nokkrum liðum (sjá viðauka). Flokka má efni spurninganna í eftirfarandi fimm flokka:

1. Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar er varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.
3. Spurningar sem raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greina þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (sjá nánar kafla 3.3).
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Nokkrar spurningar voru opnar þar sem svarendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flestar spurningarnar voru hins vegar lokaðar fjölvalsspurningar þar sem notaður var svokallaður fimm stiga Likert-kvarði, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Úr þessu voru meðal annars reiknuð meðaltöl til að gera samanburð á milli hinna ýmsu þátta mögulegan.

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði eins og t.d. hversu lengi dvelur þú á svæðinu og hvernig upplifir þú svæðið. Hugtakið *svæði* og sú misjafna merking sem ferðamenn leggja í það er vel þekkt vandamál í rannsóknum sem þessari (Hall og Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum Búlandsvirkjunar á ferðamennsku og útivist var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Einnig hafa mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir ekki bara áhrif á ferðamenn nákvæmlega á þeim punkti sem mannvirkin eru staðsett heldur teygja áhrifin sig víðar. Ferðamenn ferðast frá einum stað til annars og upplifa ferðalag sitt sem eina heild yfir misjafnlega stór svæði. Til að gera málið flóknara, þá getur upplifun ferðamanna á einum stað haft áhrif á upplifun þeirra af mun stærra svæði. Þá er þekking ferðamanna á umhverfinu mjög misjöfn sem hefur enn fremur áhrif á upplifun þeirra á náttúrunni (t.d. Castree, 2005; Demeritt, 2002). Gera má ráð fyrir því að ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á ákveðnu svæði viti minna um umhverfi þess svæðis sem þeir hafa komið þangað oft.

Með spurningalistunum fylgdi kort af viðkomandi rannsóknasvæði ásamt þeim mannvirkjum sem fylgja Búlandsvirkjun auk lýsingar á henni (sjá kafla 2.3). Á kortinu eru jafnframt bærir í Skaftártungu, vegurinn um sveitina, Fjallabaksleið nyrðri, Álftavatn akrók og Öldufellsleið auk

Sigöldulínu. Auk þess voru gístaðstaðan í Hólaskjóli og fjallaskálinn við Álftavötn merkt inn á kortið. Afmörkun kortsins náði norður fyrir Þjóðgarðsmörk vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og eru Þjóðgarðsmörkin sýnd á kortinu. Vestur mörk kortsins náðu vestur fyrir Öldufell, austur hluti þess nokkra km austur fyrir Skaftá og suður mörkin náðu yfir syðsta hluta Skaftártungu. Þrátt fyrir þessa afmörkun á „svæðinu“ þá er staðreyndin sú að sumt fólk á erfitt með að lesa kort, þekkir ekki staðhætti eða skoðar kortið ekki vel. Því er mjög líklegt að þegar ferðamenn svara spurningum með tilvísun í að þá séu þeir ekki að vísa til þess svæðis sem kortið nær yfir sem fylgdi rannsókninni heldur sé hver og einn með sitt hugarkort og svarar út frá því.

Gagnasöfnunin stóð yfir frá 21.–27. júlí 2015. Spyrrill var staðsettur við bílastæði Hólaskjóls. Til þess að ná til sem flestra ferðamanna voru spurningalistarnir gerðir á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku og voru allir sem náðist í beðnir um að svara spurningalistanum. Ferðamenn í skipulögðum hópferðum hafa oft knappan tíma til að svara vegna þess hve dvöl þeirra á staðnum er stutt. Til þess að fá viðhorf þeirra með í úrtakið voru leiðsögumenn beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna og hópferðamennirnir fengnir til að svara á leiðinni frá áfangastaðnum. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spylli og voru beðnir um að senda spurningalista til baka með pósti. Fáir neituðu að svara, en í heildina fengust 442 útfylltir spurningalistar. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst greint frá niðurstöðunum með lýsandi tölfræði og ekki víst að um tölfræðilegan marktækan mun sé að ræða þegar sagt er að eitthvað sé meira eða minna en annað.

2.2 Viðtalskönnun

Tekið var 21 viðtal við ferðabjónustuaðila. Þeir voru valdir með markvissri úrtaksaðferð (e. purposive strategy sample) þar sem leitast var við að tala við þá sem hafa beinna hagsmuna að gæta á því svæði sem virkjunin gæti haft áhrif t.d. með því að vera með ferðir um svæðið eða reka gistingu í næsta nágrenni við umrætt virkjunarsvæði.

Siðferðislega réttlát vinnubrögð í rannsóknum eru mikilvæg. Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að viðmælendur fái tækifæri á að tjá sig um viðkvæm málefni á óþvingaðan hátt. Samkvæmt Punch (2014) eiga öll samskipti rannsakenda og viðmælenda að miðast við að viðmælandi viti að viðkvæmar skoðanir, upplifanir og viðhorf hans séu bundin trúnaði. Trúnaðar er gætt af virðingu við viðmælenda og til að koma í veg fyrir að hann skaðist af því að segja skoðun sína óhindrað sem og til að forðast það að hann velji að dylja mikilvægar upplýsingar fyrir rannsóknina (Hammersley & Traianou, 2012: 121). Besta leiðin til að gæta trúnaðar er að viðmælendur njóti nafnleyndar (Punch, 2014).

Við undirbúning viðtalshlutans var því ákveðið að viðmælendur nyttu nafnleyndar en nafn fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar sem þeir starfa fyrir kemur fram. Gerð er grein fyrir starfsemi fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar almennt sem og í hvaða landshluta viðkomandi er staðsettur.

Af þeim viðmælendum sem rætt var við starfa átta í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, þ.e. einn í Hólaskjóli, fimm á Kirkjubæjarklaustri, tveir í Landssveit og þrettán á höfuðborgarsvæðinu. Þrír viðmælendanna selja gistingu í nágrenni svæðisins, tveir aðilar sjá um upplýsingagjöf og/eða landvörslu en aðrir skipuleggja ýmis konar ferðir um svæðið. Átta þeirra eru með gönguferðir, tveir eru með bíla og/eða jeppaferðir, tveir eru með hestaferðir og þrír eru með rútuferðir um svæðið (1. tafla).

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila.

Hólaskjól, gisting, tjaldstæði og trússþjónusta, Veiðifélag Skaftártungumanna, Skaftárhreppur	Ultima Thule, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Vatnajökulsþjóðgarður, þjóðgarðs- og landsvarsla	Arctic Adventures, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Visit Klaustur, klasastarfsemi fyrir ferðapjónustufyrirtæki og matvælaframleiðendur í Skaftárhreppi, Kirkjubæjarklaustur	Extreme Iceland, jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið
Hótel Klaustur, gisting, Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi	Gray Line, rútuferðir og keyrsla með gönguhópa, höfuðborgarsvæðið
Hótel Geirland, gisting og ferðapjónusta Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi	Fjallabak ehf., gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Kind Adventure, fjallahjólaferðir, Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi	Iceland Protravel, jeppaferðir, sérsniðnar ferðir með hópa, einstaklinga, höfuðborgarsvæðið
Skálakot, hestaferðir, Rangárþingi - Eystra	Ísafold, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Hekluhestar, hestaferðir, við Hellu í Landsveit	Guðmundur Jónasson, rútuferðir, höfuðborgarsvæðið
Ferðafélag Íslands, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið	Trex, rútuferðir, hópferðir og hópferðabifreiðar höfuðborgarsvæðið
Íslenskir fjallaleiðsögumenn, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið	Hálendisferðir, gönguferðir á hálendinu höfuðborgarsvæðið
Útivist, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið	

Nánari lýsing á viðmælendum:

- Í Hólaskjóli rekur Veiðifélag Skaftártungumanna gístiaðstöðu, tjaldstæði og trússþjónustu. Þar er einn starfsmaður á því tímabili sem vegurinn er opinn en í júlí eru yfirleitt tveir starfsmenn.
- Vatnajökulsþjóðgarður rekur Skaftárstofu, gestastofu og upplýsingamiðstöð, á Kirkjubæjarklaustri frá apríl og fram í október. Í Hólaskjóli, við Laka og í Hrauneyjum og Nýjadal starfa landverðir yfir sumartímann sem veita upplýsingar til gesta. Tveir heilsársstarfsmenn eru á Kirkjubæjarklaustri og sumarstarfsmenn eru 8-18 manns. Starfsstöðin í Hólaskjóli er með aðstöðu í húsnæði Veiðifélags Skaftártungumanna.

- Visit Klaustur er klasastarfsemi 31 fyrirtækis og einstaklinga, meðal annars ferðapjónustufyrirtækja og bænda í matvælaframleiðslu í Skaftárhreppi. Yfir klasanum er fimm manna stjórn með einn starfsmann/verkefnisstjóra.
- Á Hótel Klaustri á Kirkjubæjarklaustri er rekin gistiþjónusta með 25-30 starfsmenn.
- Á Hótel Geirlandi á Kirkjubæjarklaustri er rekin gistiþjónusta auk þess sem boðið er upp á ferðir um nærliggjandi svæði, í Eldgjá, að Langasjó og um Fjallabak. Hjá fyrirtækinu starfa 6-16 manns.
- Kind Adventures er ferðapjónustufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í 1 ár á Kirkjubæjarklaustri og sérhæfir sig í fjallahjólaferðum auk jeppaferða og gönguferða með einstaklinga og minni hópa. Hjá fyrirtækinu starfa tveir og boðið er upp á dagsferðir í nágrenni Kirkjubæjarklausturs, um Laka, Meðalland og Landbrot auk þriggja daga ferða um Lakasvæðið. Fyrirtækið stefnir á að bjóða upp á nokkurra daga fjallahjólaferðir um Hólaskjól, Álftavötn og Skaftártungu.
- Í Skálakoti í Landsveit hefur verið rekin gistiþjónusta og hestaleiga í um 25 ár og þar starfa um 10 manns. Boðið er upp á dagsferðir og lengri hálendisferðir meðal annars um Syðra Fjallabak þar sem farin er hringferð frá Emstrum, yfir Mælifellssand, að Álftavatni, í Hólaskjól, að Eldgjá, að Landmannalaugum, að Landmannahelli og aftur í Emstrur yfir Pokahrygg.
- Hjá Hekluhestum í Landsveit hefur verið rekin gistiþjónusta og þar hafa verið skipulagðar hestaferðir síðan 1981. Þar er einn heilsárs starfsmaður en um 10 manns yfir sumartímann. Boðið er upp á 6 daga hestaferðir á hálendinu þar sem farið er frá Landmannahelli yfir í Landmannalaugar, Hólaskjól, Álftavötn, yfir Mælifellssand í Hvanngil, yfir Einhyrning, Fljótshlíð og að Austurvaðsholti. Önnur ferð er 8 daga gönguferð með trússhest þar sem farið er frá Einhyrning, að Hvanngili, Strút, Álftavötnum og endað í Hólaskjól.
- Ferðafélag Íslands skipuleggur göngu- og útivistarferðir í samstarfi við aðrar ferðafélagsdeildir um allt land. Á Skaftárvæðinu er Ferðafélag Íslands t.d. með árlegar skipulagðar ferðir sem kallast Náttúruþerlur í Vestur-Skaftafellssýslu sem eru fjölmennar og vinsælar ferðir þar sem ferðast er m.a. um umrætt virkjanasvæði.
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í afþreyingaferðum með minni hópa og þar starfa um 60 manns. Fyrirtækið býður upp á skipulagðar gönguferðir á svæðinu þar sem er meðal annars gengið frá Langasjó, um Álftavatn akróka, Strút, Hvanngil og Landmannalaugar. Í þeirri ferð er gist eina nótt í Hólaskjól. Önnur ferð á þeirra vegum hefst við Eldgjá, farið yfir Skaftá, í gegnum Lakasvæðið, niður með Þverá og að Núpum.

- Útivist er áhugamannafélag um útivist með höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu. Félagið skipuleggur gönguferðir en einnig jeppa- og hjólaferðir og starfa á milli 60 – 80 fararstjórar á þeirra vegum. Starfsemin er um allt land en þó aðallega að Fjallabaki og í Þórsmörk. Ein af ferðum þeirra er frá Langasjó, að Sveinstindi, niður með Skaftá og í Skælinga. Þá er gengið eftir Eldgjá og endað í Hólaskjóli. Önnur ferð á þeirra vegum hefst í Hólaskjóli og þaðan vestur Fjallabak um Strútsstíg og Syðra Fjallabak.
- Ultima Thule er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu og hjá þeim starfa 40 manns. Fyrirtækið býður upp á ýmis konar náttúruskoðunarferðir t.d. gönguferðir og hjólaferðir .
- Arctic Adventures er móðurfyrirtæki nokkurra afþreyingafyrirtækja meðal annarra Trek Iceland sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu og þar starfa á bilinu 70-80 manns í heilsársstörfum en um 220 manns yfir háannatímann. Eitt aðal athafnasvæði Trek Iceland er Fjallabakssvæðið. Fyrirtækið hefur meðal annars verið að byggja upp gönguleiðir á fyrirhuguðu virkjanasvæði frá Hólaskjóli að Skaftafelli þar sem um er að ræða 9 daga gönguleið.
- Extreme Iceland er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu, með 72 starfsmenn, sem sérhæfir sig í jeppaferðum með einstaklinga og minni hópum þ.m.t. skólahópa. Boðið er upp á fjölmargar ferðir um Fjallabakssvæðið meðal annars um Mælifellssand og Eldgjá, á Sveinstind, Langasjó, frá Skaftá að Lakagígum, Skaftárhraun. Í þessum ferðum er Hólaskjól jafnan notað sem gististaður.
- Gray Line er ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi og hópferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 120-150 manns. Farnar eru rútuferðir frá Reykjavík, meðal annars á Stór-Fjallabakssvæðið, auk þess sem þeir keyra hópum um land allt. Boðið er upp á skipulagðar ferðir til Landmannalauga auk þess sem ekið er með gönguhópum í Hólaskjól í sérferðum.
- Fjallabak er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í ferðum með minni gönguhópum á Fjallabakssvæðinu. Þar eru 3 í heilsársstarfi og 20 í sumarstarfi. Í flestum ferðum fyrirtækisins er gist í Hólaskjóli nóttina fyrir eða eftir gönguferð í Eldgjá og/eða Landmannalaugar.
- Iceland Protravel er ferðaskipuleggjandi á höfuðborgarsvæðinu sem skipuleggur pakkaferðir fyrir einstaklinga og hópum. Hjá fyrirtækinu eru 20 starfsmenn og skipuleggur fyrirtækið meðal annars ferðir í Hólaskjól, í Eldgjá og á ýmsa staði að Fjallabaki en hver ferð er sérsniðin fyrir hvern hóp.
- Ísafold er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í hálendisferðum á breyttum jeppum á veturna auk gönguferða á sumrin meðal annars á Fjallabak og í Eldgjá.


- Guðmundur Jónasson er ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið starfrækt í 85 ár. Hópar á þeirra vegum fara á Fjallabak og Lakasvæðið.
- TREX er hópferðafyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu á hópferðabifreiðum til ferðaskipuleggjenda og skipulag ferða fyrir þá. Hjá fyrirtækinu starfa um sjötíu manns. Fyrirtækið skipuleggur ferðir um Fjallabak, Skaftá og Álftavötn.
- Hálendisferðir er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu og hefur verið starfrækt síðan árið 2003. Fyrirtækið skipuleggur meðal annars 12 daga gönguferð um Fjallabak þar sem gist er í Hólaskjóli.

Viðmælendur voru spurðir hvers konar starfsemi þeir stunda við Skaftá og áhrifasvæði Búlandsvirkjunar, um aðdráttarafl svæðisins, viðhorf til uppbyggingar og innviða á svæðinu, viðhorf og áhrif Búlandsvirkjunar auk framtíðarmöguleika svæðisins fyrir ferðaþjónustuna.

2.3 Lýsing Búlandsvirkjunar

Með spurningalistunum fylgdi kort af rannsóknasvæðinu ásamt lýsingu á Búlandsvirkjun. Textinn hér á eftir, sem lýsir hugmynd að Búlandsvirkjun, er að mestu tekin beint úr fylgigögnum spurningalistanna. Rauðir bókstafir í textanum vísa til staðsetningar á kortum sem fylgdu með spurningalistunum og sýna helstu virkjunarmannvirki Búlandsvirkjunar (sjá kort á bls. 8 og í viðauka).

Fyrirhuguð Búlandsvirkjun er 150 MW (Orkustofnun, 2015) og gengur út á að virkja Skaftá ofan við byggðina í Skaftártungu. Stöðvarhúsið yrði neðanjarðar norðan við Réttarfell (I) og þangað yrði vatni veitt frá lóninu um göng. Tvær stíflur yrðu byggðar, önnur við Réttarfell (I) (12 m há og 570 m löng) og hin í árfarvegi Tungufljóts (II) (68 m há og 600 m löng). Miðlunarlón myndaðist á Þorvaldsaurum sem yrði 9,3 km² í hæstu stöðu og 4,1 km² í lægstu stöðu. Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan verði um 16 m og á vorin þegar lægst er í lóninu yrðu um 5,2 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Einnig yrðu gerð setlón og inntakslón (0,65 km²) með tilheyrandi varnargörðum austan og sunnan við Hólaskjól (III) - til að draga úr setmagni í sjálfu miðlunarlóninu. Veitugöng (3,1 km) skila síðan vatni úr inntakslóni í miðlunarlón á Þorvaldsaurum. Tenging við raforkukerfið yrði með um 7 km langri háspennulínu norður að byggðalínu (Sigöldulínu). Bæta þyrfti Fjallabaksleið nyrðri (F208) og byggja tvo nýja vegi. Annars vegar um 400 m langan veg frá Fjallabaksleið við Selá að gangamunna aðkomuganga austan við Réttarfell. Hins vegar þyrfti að leggja nýjan veg, um 2 km frá Fjallabaksleið norðan Réttarfells að jarðgangainntaki og stíflu í Rásgljúfri (1. mynd).



1. mynd: Fyrirhuguð Búlandsvirkjun.

3 Viðhorf ferðamanna

3.1 Einkenni svarenda

Kynjaskipting er nær jöfn, og meðalaldur svarenda er 40,5 ár. Dvalarlengd þeirra sem gistu á svæðinu er að meðaltali 2,8 nótt en dvalarlengd dagsgesta er að meðaltali 5,7 klukkustundir. Meðallengd gönguferða á svæðinu var 16,4 klukkustundir. Þessum tölum um dvalarlengd verður þó að taka með þeim fyrirvara sem nefndur er í kafla 2.1. Lang flestir eða 86% ferðamanna voru að koma á svæðið í fyrsta sinn, en 14% höfðu komið áður - að meðaltali um 12,8 sinnum (2. tafla).

Tæpur fjórðungur ferðamanna við Hólaskjól eru Frakkar, en næst fjölmennasti hópurinn eru Svisslendingar og Austurríkismenn (16%). Spánverjar og Ítalir eru 14% og Íslendingar eru 13% ferðamanna. Þjóðverjar eru rúm 10%, Bandaríkja- og Kanadamenn eru 6% og Hollendingar eða Belgar einnig. Tékkar, Pólverjar og Slóvakar eru 4% aðspurðra, Bretar eru 3% og Norðurlandabúar einnig. Önnur þjóðerni eru 2% ferðamanna (3. tafla).

Auk þjóðernis var spurt um ferðamáta, ferðafélaga og afþreyingu. Þessir liðir voru fjölvalsspurningar (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika) og samanlagt hlutfall því yfir 100%. Flestir ferðamenn (43%) ferðast með hópferðabílum, en næst algengasti ferðamátinn eru bílaleigubílar (35%). Um 22% svarenda eru á eigin bílum, 18% gangandi en mun minna er um að fólk sé hjólandi (5%), ríðandi (2%) eða á mótorhjólí eða fjórhjólí (2%) (4. tafla).

2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma

Fjöldi spurningalista (N)	442
Konur (%)	49,8
Karlar (%)	50,2
Meðalaldur (ár)	40,5
Dvalarlengd næturgesta (nætur)	2,8
Dvalarlengd dagsgesta (klst.)	5,7
Lengd gönguferða (klst.)	16,4
Ekki komið áður (%)	85,9
Komið áður (%)	14,1
Komið oft (meðaltal)	12,8

3. tafla. Búsetuland (%).

Frakkland	24,8
Sviss/ Austurríki	15,8
Spánn/Ítalía	13,6
Ísland	12,6
Þýskaland	10,3
USA/Kanada	6,0
Holland/Belgía	5,7
Tékkland/Pólland/Slóvakía	3,6
Bretland	2,6
Norðurlönd	2,6
Aðrir	2,4


4. tafla. Ferðamátí (%).

Í hópferðabíl	42,7
Á bílaleigubíl	34,6
Á eigin bíl	22,0
Gangandi	18,2
Hjólandi	5,2
Ríðandi	1,9
Mótorhjól/ fjórhjól	1,7

Lang flestir ferðamenn við Hólaskjól eru á ferð með ættingjum eða vinum eða 38% svarenda. Um þriðjungur er í skipulagðri hópferð og 31% eru í ferð með fjölskyldu sinni. Þau sem eru á ferð með vinnu eða klúbbfélögum eru 5% og 3% ferðamanna eru ein á ferð (5. tafla).

Flestir, eða 87% svarenda, koma á svæðið til þess að stunda gönguferðir, en einnig er algengt að þeir skoði jarðfræðifyrirkæri (60%) eða baði sig í heitri laug (56%). Plöntuskoðun (40%) og ökuferðir (31%) eru einnig vinsæl afþreying og tæpur helmingur segist skoða fugla á ferð sinni um svæðið í kringum Hólaskjól. Í kringum 5% fer í hestaferðir, en sjaldgæft er að svarendur stundi flúðasiglingar eða veiðar (6. tafla).

Flestir ferðamenn við Hólaskjól, eða 35%, starfa sem sérfræðingar (læknar, lögfræðingar, kennarar, o.s.frv.). Um 16% eru nemendur og 13% eru í stjórnunarstörfum. Eftirlaunaþegar eru 10% ferðamanna og 9% eru í skrifstofu- eða þjónustustörfum. Um 6% annast sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf, en 11% svarenda störfuðu við önnur störf en voru tilgreind á spurningalistanum (2. mynd).



2. mynd. Störf ferðamanna (%).


Um 26% svarenda í Hólaskjóli gistu í Landmannalaugum eða annars staðar að Fjallabaki nóttina áður en þeir fylltu út spurningalistann. Einnig var algengt að ferðamenn gistu í Skaftafelli, á Höfn (20%) eða annars staðar á Suðurlandi (15%) nóttina fyrir komuna í Hólaskjól. Um 14% þátttakenda höfðu gist í Hólaskjóli nóttina áður en þeir svöruðu. Stór hluti svarenda, eða 30%, sagðist ætla að gista í Hólaskjóli næstu nótt, um 21% í Skaftafelli eða á Höfn og 17% í Landmannalaugum eða að Fjallabaki. Aðrir algengir gististaðir voru Kirkjubæjarklaustur (10%), aðrir staðir á hálendinu (6-8%) og höfuðborgarsvæðið (6-7%) (3. mynd).

5. tafla. Ferðafélagar (%).

Ættingjar/ vinir	37,7
Í skipulagðri hópferð	33,2
Með fjölskyldunni	30,5
Vinnu- /klúbbfélagar	4,6
Einn á ferð	3,1

6. tafla. Afþreying (%).


Gönguferð	86,7
Skoða jarðfræðifyrirkæri	60,2
Bað í heitri laug	55,6
Plöntuskoðun	40,0
Ökuferð	30,5
Fuglaskoðun	23,3
Hestbak	5,1
Flúðasiglingar	1,9
Veiðar	1,2



3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna í Hólaskjól.


3.2 Upplifun ferðamanna

Mikill meirihluti, eða 91% ferðamanna í Hólaskjóli, segjast ánægð með náttúru svæðisins. Um 1% var hlutlaust hvað það varðar og 8% sögðust óánægð. Einnig eru lang flestir (84%) ánægðir með ferðina í heild, en 6% voru hlutlaus og um 10% voru óánægð með ferðina (4. mynd).



4. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.

Ferðamenn voru spurðir hversu sammála/ósammála þeir væru fullyrðingunum „Ég kem á stað eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært“ og „ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar“. Alls eru 83% sammála fyrri fullyrðingunni, 11% eru hlutlaus og 7% eru henni ósammála. Seinni fullyrðingunni eru 81% sammála, 13% eru hlutlaus og 6% ósammála (5. mynd).




5. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og að komast frá daglegu amstri og áhyggjum.

Ferðamenn voru einnig beðnir um að lýsa upplifun sinni á eiginleikum svæðisins með því að meta eftirfarandi þætti á 5 stiga kvarða:

- Manngert ↔ náttúrulegt þar sem 1 = mjög manngert og 5 = mjög náttúrulegt,
- Ljótt ↔ fallett þar sem 1 = mjög ljótt og 5 = mjög fallett,
- Áhrifalítið ↔ áhrifamikið þar sem 1 = mjög áhrifalítið og 5 = mjög áhrifamikið,
- Hávært ↔ kyrrt þar sem 1 = mjög hávært og 5 = mjög kyrrt,
- Afskekkt ↔ aðgengilegt þar sem 1 = mjög afskekkt og 5 = mjög aðgengilegt.

Mikill meirihluti eða 95-96% ferðamanna upplifir svæðið sem náttúrulegt, kyrrt og fallett. Um 92% upplifa svæðið einnig sem áhrifamikið. Skiptar skoðanir eru á því hvort svæðið þykir aðgengilegt, en 56% finnst það aðgengilegt, 18% finnst það hvorki aðgengilegt né afskekkt og 26% finnst það afskekkt (6. mynd).




6. mynd. Upplifun ferðamanna í Hólaskjóli.

3.3 Viðhorfskvarðinn

Viðhorfskvarðinn (*e. purist scale*) er mælitæki sem hefur verið þróað til að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Þar eru ferðamenn greindir í eindregna náttúrusinna (*e. strong purists*), náttúrusinna (*e. purist*), almenna ferðamenn (*e. neutralists*) og þjónustusinna (*e. urbanists*) (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007 og Stankey, 1973). Ein spurning spurningalistans var sérstaklega ætluð til að greina ferðamenn í fyrrnefnda hópa. Spurt var „*Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði á ferðalagi þínu um svæðið?*“ og voru talin upp fjórtán atriði er varða náttúruupplifun, mannleg ummerki, mannvirki og mannfjölda.


Um 57% ferðamanna reyndust vera almennir ferðamenn, tæpur fjórðungur eru náttúrusinnar en eindregnir náttúrusinnar eru 2% aðspurðra. Hlutfall þjónustusinna við Hólaskjól er 16% (7. mynd).



7. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).

Þegar allir 15 liðir viðhorfskvarðaspurningarinnar eru bornir saman kemur í ljós að það sem ferðamenn finnst mikilvægast á ferð sinni um svæðið við Hólaskjól er að náttúran sé öröskuð og að þeir upplifi þar kyrrð og ró. Af þeim atriðum sem nefnd voru telja þeir síst mikilvægt að hafa áningastaði (bekki og borð) þegar þeir ferðast um svæðið (8. mynd).


Lang flestir, eða 96%, telja mikilvægt að upplifa óraskaða náttúru á ferð sinni um svæðið í kringum Hólaskjól. Kyrrð og ró eru einnig eiginleikar sem nánast öllum (94%) þykir mikilvægt að upplifa. Um 81% segja merktar gönguleiðir mikilvægar, 75% telja mikilvægt að geta gengið án þess að sjá mannvirki og 72% þykir mikilvægt að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur. Að hafa skipulögð tjaldsvæði, verða ekki fyrir ónæði af flugumferð og að skoðunarverðir staðir séu merktir þykir einnig að jafnaði mikilvægt. Um 58% telja mikilvægt að sjá ekki ummerki eftir aðra ferðamenn og sama hlutfall telur mikilvægt að á svæðinu séu fáir aðrir ferðamenn. Göngubrýr yfir helstu ár eru mikilvægar fyrir 53% svarenda. Ferðamenn eru nokkru hlutlausari gagnvart lögðum göngustígum, því að geta tjaldað án þess að verða varir við aðra og að geta tjaldað hvar sem er. Eins og áður segir eru áningastaðir það atriði sem síst þykir mikilvægt, en 28% segja þá mikilvæga, en 33% eru hlutlaus og 39% telja áningastaði ekki mikilvæga þegar ferðast er um svæðið.



8. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið við Hólaskjól?

3.4 Aðdráttarafi svæðisins að mati ferðamanna


Ferðamenn voru spurðir opinnar spurningar um hvað heillar þá við svæðið. Svör við þessari spurningu voru margvísleg, en eftir kóðun komu fram átta flokkar sem endurspegla algengustu svörin. Svör margra gesta féllu undir fleiri en einn flokk og er því samanlagt hlutfall herra en 100%. Það sem heillaði flesta eða 54% aðspurðra er náttúra, landslag og umhverfi, og um fjórðungur nefnir sérstaklega ósnortna náttúru. Um 13% segja kyrrð, jarðfræði og fegurð svæðisins heilla sig og 12% nefnir einstök náttúrufyrirbrigði (ár, vötn, fossar, fjöll, hverir og hraun). Nokkrir nefna einnig gróður og/eða dýr og þætti sem tengjast upplifun (9. mynd).



9. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%)

Gestir voru jafnframt spurðir opinnar spurningar um hvort þeir hefðu komið á svæðið til að sjá eða gera eitthvað öðru fremur. Svörin við þessari spurningu voru einnig kóðuð og skiptust algengustu svörin í níu flokka, en sum svör fóru í fleiri en einn flokk.


Flestir (21%) nefndu Landmannalaugar sem ástæðu komu sinnar, næst flestir (19%) komu vegna náttúrunnar eða landslags og 13% sögðust koma til að Eldgjá. Um 11% komu til að skoða jarðfræðifyribæri og jafn margir til að ganga um svæðið. Þá komu 7% vegna fossa, 6% vegna jökla, 4% sögðu „allt“ og 4% nefndu víðerni (10. mynd).



10. mynd. Ástæða fyrir komu fólks á svæðið (%).

3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna


Nær allir ferðamenn (99%) segja að ósnortin víðerni séu hluti af aðdráttarafli svæðisins við Hólaskjól og 96% segjast hafa komið þangað til að upplifa ósnortin víðerni. Ferðamenn voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu þeir teldu nálæg mannvirki, sem þeir vita af en sjá ekki, hafa áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru. Um 34% telja að mannvirki sem þeir ekki sjá myndu hafa mikil áhrif á upplifun sína, fjórðungur sagði að þau hefðu einhver áhrif, 23% segja að þau myndu hafa lítil áhrif og 18% ferðamanna að þau myndu ekki hafa nein áhrif á upplifun sína (11. mynd).



11. mynd. Aðdráttarafli víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.

Jafnframt var spurt um hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið víðerni og/eða ósnortin náttúra glataði merkingu sinni. Hægt var að merkja við fleira en eitt atriði. Um 29% eru þeirrar skoðunar að engin mannleg ummerki megi vera til staðar. Fjallaskálar, stígar eftir göngumenn eða sauðfé, lagðir göngustígar og vegslóðar eru síst taldir vera þess valdandi að hugtakið víðerni glati merkingu sinni: Hlutfall þeirra sem telja fjallaskála mega vera til staðar er 59%

og um 57% segja stíga eftir göngumenn og sauðfé vera í lagi. Vegslóðar mega vera til staðar að mati 41% og vegslóðar að mati 39%. Tæpur fjórðungur telur girðingar geta verið á svæðinu án þess að hugtakið víðerni glati merkingu sinni, en öllu færi telja vegi (18%) og miðlunarlón (17%) geta verið á svæðinu. Á bilinu 5-10% segja að vindmyllur, rafmagnslínur, virkjanir og fjarskiptamöstur geti verið til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni, en hótél eru þau ummerki sem síst geta verið án þess að spilla víðernum/ósnortinni náttúru (12. mynd).




12. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?

3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja

Viðhorf til hvers kyns mannvirkja var á heildina litið frekar neikvætt. Flest þau mannvirki sem voru nefnd þykja frekar óæskileg (meðaltöl á bilinu 2,0 – 2,6) en nokkrar gerðir mannvirkja þóttu æskileg (meðaltöl á bilinu 3,6-4,1) á svæðinu í við Hólaskjól.


Fjallaskálar eru þau mannvirki sem þykja æskilegust á svæðinu, en 81% finnst þeir æskilegir. Tjaldstæði (81%), salerni (66,8%) og úppbyggðir malarvegir (56,8%) þykja einnig frekar æskileg en óæskileg. Skipar skoðanir eru gagnvart vegum en úppbyggðir malarvegir þykja þó æskilegri en uppbyggðir. Einnig eru skiptar skoðanir varðandi gestastofu og akbrýr á vatnsföllum. Gestastofa er t.d. æskileg samkvæmt 42% svarenda, 31% segja gestastofu ásættanlega og 26% telja hana óæskilega. Um 42% segja akbrýr yfir vatnsföllum æskilegar, 23% ásættanlegar og 35% óæskilegar. Önnur mannvirki hafa meðaltal undir 3,0 sem þýðir að heilt yfir litið þykja þau ekki æskileg á svæðinu að mati flestra. Fleiri segja matsölu, heilsársveg, slitlagða vegi og jarðvarmavirkjanir óæskileg mannvirki en æskileg og uppistöðulón bensinstöðvar, verslanir/veitingahús, vatnsaflsvirkjanir og fjarskiptamöstur þykja einnig fremur óæskileg í nágrenni Hólaskjól. Þau mannvirki sem þykja eru

óæskilegust eru vindmyllur sem 64% telja óæskilegar, raflínur sem eru óæskilegar að mati 66% en þau mannvirki sem þykja síst æskileg að mati svarenda eru hótél (13. mynd).



13. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.

Ferðamenn voru spurðir sérstaklega hvort þeim fyndist æskilegt að bæta vegi á svæðinu í kringum Hólaskjól og í ljós kom að flestum finnst það óæskilegt eða 50% aðspurðra. Fjórðungurinn er hlutlaus en 17% telja það frekar æskilegt og 7% mjög æskilegt (14. mynd).




14. mynd. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum.

3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja

Spurt var um almennt viðhorf ferðamanna til frekari uppbyggingar mismunandi tegunda orkuframleiðslu þ.e. vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og vindorku auk uppistöðulóna og raflína. Jafnframt var athugað hvort gerður væri greinarmunur á því hvort þessi mannvirki væru á hálendinu eða á láglandi.

Svarendur eru frekar neikvæðir gagnvart öllum tegundum orkuframleiðslu og mannvirkja sem spurt var um. Neikvæðust viðhorf voru gagnvart frekari lagningu raflína á hálendinu, en 73% svarenda eru neikvæð gagnvart þeim en 4% jákvæð. Meirihluti þátttakenda (63%) eru einnig neikvæðir gagnvart frekari uppbygging vatnsaflsvirkjana á hálendinu, en 11% jákvæð. Þá eru um 63% neikvæð gagnvart vindmyllum á hálendinu en 12% jákvæð. Um 54% eru neikvæð gagnvart frekari lagningu raflína á láglendi og uppistöðulónum á hálendinu en 46% hafa neikvætt viðhorf gagnvart jarðvarmavirkjunum á hálendinu.

Viðhorf til virkjunarmannvirkja á láglendi er heldur hlutlausara, en svipað viðhorf er til frekar uppbyggingu vatnsaflsvirkjana, vindmylla og uppistöðulóna á láglendi. Á bilinu 39-44% eru neikvæð gagnvart þessum mannvirkjum, 31-42% hlutlaus og 19-24% eru jákvæð gagnvart þeim. Þó svarendur séu frekar andvígir frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglendi, eru þær sú virkjanagerð sem þeir eru hvað hlutlausastir gagnvart. Um 39% eru hvorki jákvæð né neikvæð gagnvart jarðvarmavirkjunum á láglendi, 29% eru jákvæð og 33% neikvæð (15. mynd).




15. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.

3.8 Viðhorf ferðamanna til Búlandsvirkjunar


Ferðamenn voru beðnir um að lýsa því hvaða áhrif Búlandsvirkjun, mannvirki og umhverfisáhrif henni tengd myndu hafa á áhuga þeirra á að ferðast um svæðið. Meirihluti ferðamanna telur að öll mannvirki og umhverfisáhrif virkjunarinnar myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga þeirra til að ferðast um svæðið. Neikvæðust viðhorf eru til raflína en um 78% telja að raflínur myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga sinn á að ferðast um svæðið. Búlandsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á 75% ferðamanna en jákvæð á 8%. Skert rennsli í Skaftá hefði neikvæð áhrif á 70% þeirra sem svöruðu

könnuninni, en jákvæð á 4%. Um 72% ferðamanna telja að miðlunarlón vegna Búlandsvirkjunar myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga þeirra eru en 5% telja að lónið hefði jákvæð áhrif (16. mynd).



16. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Búlandsvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðið.

Ferðamenn voru spurðir opinnar spurningar um hvaða áhrif Búlandsvirkjun og mannvirki henni tengd myndu hafa á áhuga þeirra um að ferðast um svæðið. Svörin voru margvísleg en voru flokkuð í neðangreinda átta flokka (17. mynd). Rúmlega helmingur (54%) telur að virkjunin myndi skemma eða spilla svæðinu og um 14% segja að þau myndu ekki koma ef búið væri að reisa virkjunina. Um 8% telja að virkjunin hefði neikvæð eða slæm áhrif og 4% segja raflínur vera sjónmengun. Þó flestir hafi lýst neikvæðum áhrifum voru 12% sem skrifuðu að virkjun á svæðinu myndi ekki hafa nein áhrif á sig, 5% telja að virkjunin væri í lagi ef hún væri látin falla vel að landslaginu og 4% segja að það væri áhugavert að skoða virkjunina.



17. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjanahugmynda á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%).

4 Viðhorf ferðapjónustunnar

Meirihluti ferðamanna sem kemur við í Hólaskjóli skoðar Eldgjá. Meirihluti ferðamanna ekur enn fremur Skaftártunguveg og Fjallabaksleið nyrðri, en samkvæmt talningum sumarið 2011 fóru um 145 þúsund manns inn á Stór-Fjallabakssvæðið. Þar af rúm 120 þúsund inn á Fjallabaksleið nyrðri og um 80 þúsund um nyrsta hluta Skaftártungu. Fjölbreytt ferðamennska er stunduð á svæðinu og eru ferðamenn ýmist í skipulögðum áætlunarferðum, á eigin bíl, gangandi, hjólandi eða á hestbaki.

Daglegar áætlunarferðir eru frá Skaftafelli í Landmannalaugar um Fjallabaksleið nyrðri (með viðkomu í Hólaskjóli og Eldgjá). Í þeim ferðum gefst gestum færi á að ganga um Eldgjá og Landmannalaugar og fara með sömu rútu til baka. Sum fyrirtæki eru með dagsferðir þar sem ekin er Fjallabaksleið nyrðri með viðkomu í Landmannalaugum og Eldgjá. Önnur fyrirtæki eru með gönguferðir um svæðið og er þá gjarnan gist í Hólaskjóli. Gistiaðstaðan að Hólaskjóli er rekinn af Veðifélagi Skaftártungumanna og er svefnpláss fyrir 71 í skála og 15 manns í þremur smáhýsum. Einnig er fjallaskáli við Álftavötn, við Sveinstind og Skælinga sem ferðafélagið Útivist rekur.

Afþreyingarfyrirtæki sem gera út frá höfuðborgarsvæðinu nýta svæðið mikið til gönguferða þar sem annað hvort er gengið með allt á bakinu eða trússað og getur lengd ferðanna farið upp í allt að 10 daga gönguferðir. Þar má nefna Útivist, Ferðafélag Íslands, Íslenskir Fjallaleiðsögumenn, Ultima Thule og Arctic Adventure og má áætla að hvert fyrirtæki um sig fari með frá 200 upp í 2.000 manns um svæðið árlega. Dæmi um vinsælar gönguleiðir á svæðinu eru Strútsstígur og Skælingar. Strútsstígur er yfirleitt genginn á 3-4 dögum og er oftast gengið frá Hólaskjóli að Hvanngili. Önnur vinsæl gönguleið er frá Langasjó, að Sveinstindi um Skælinga, Eldgjá og í Hólaskjól en hún er oftast gengin á 3 dögum. Aðrir ganga á milli Hólaskjól og Landmannalauga eða Heklu eða í Þórsmörk. Í þessari skýrslu er vísað til þessa svæðis, þ.e. Hekla – Landmannalaugar – Langisjór – Þórsmörk sem Stór-Fjallabakssvæðið. Einnig er eitthvað um að gengið sé austur yfir Skaftá í Vestur-Skaftafellssýslu um Laka svæðið, Núpsstaðaskóg og Skaftafell.

Góð aðstaða er fyrir hestamenn í Hólaskjóli en þar er gerði fyrir hesta og hægt að kaupa heybagga. Fjölbreyttar reiðleiðir liggja frá Hólaskjóli og víða um Stór-Fjallabakssvæðið.

4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðapjónustunnar

Í viðtölunum kom fram að ferðapjónustuaðilar hvort sem var á svæðinu eða á höfuðborgarsvæðinu þekktu svæðið mjög vel. Talað var um að svæðið væri einstakt sökum náttúrufegurðar, landslags, jarðmótunar, fámennis og að svæðið væri einskonar hlið inn á hálendi Íslands. Þá var lögð mikil áhersla á mikilvægi svæðisins til útivistar svo sem gönguferða, hestaferða og hjóleiða.

Ferðaðjónustuaðilar voru langflestir sammála um að víðerni og óbyggðir væru eitt helsta aðdráttarafl svæðisins. Einn ferðaðjónustuaðilanna sem býður upp á ferðir um svæðið taldi skortur á mannvirkjum vera eitt helsta aðdráttaraflið.

...þegar við komum þarna inn þá er ekkert inni á þessu svæði nema þessi skáli þarna og svo er bara ekkert annað og það er náttúrulega það sem ferðamaðurinn vill sjá, það vill ekki sjá einhverjar virkjanir og mannvirki og bíla og góða vegi.

Einnig kom fram áhersla á sérstöðu óbyggða og ónumins lands, en ferðaðjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem gerir út ferðir á svæðið orðaði það á eftirfarandi hátt:

...þetta fólk sem kemur, það er að koma til að upplifa náttúruna og það hérna... það upplifir það mjög sterkt hvað ósnortin víðerni hafa mikil áhrif. Að það er eitthvað sem að er ekki til, eða þú veist jú það er auðvitað til, en í Evrópu og Ameríku, allavega það sem ég hef skoðað, það er miklu meiri uppbygging og miklu, miklu, miklu... hérna kemurðu og ert í ekki neinu! Engu, engin hús og...

Annar viðmælandi sagði eina af sérstöðum svæðisins væri „að upplifa umhverfi sem er svo gjörólíkt því sem fólk er í dags daglega hérna innan borgarmarká“. Annar ferðaðjónustuaðili af svæðinu undirstrikaði að hálendið og óbyggðir væru verðmæti fyrir fyrirtæki þeirra:

...náttúrulega verðmæti í þessu óbyggða landi sem við eigum, það vill svo til að við búum hér í kringum ströndina en hálendið er náttúrulega meira eða minna opið og maður vill hafa það, það eru verðmæti í því, við erum að selja inn á þetta

Ferðaðjónustuaðili sem rekur gistipjónustu á svæðinu minntist einnig á óbyggðirnar og fámennið sem eitt helsta aðdráttaraflið en benti hins vegar á að vaxandi fjöldi ferðamanna kynni það að breytast.

Að stærstum hluta er það náttúran sem er að draga ferðamenn til Íslands plús náttúrulega sem maður heyrir að það sé almennt góð þjónusta á Íslandi og góður viðgjörningur og síðan hérna allavega eins og þetta er í dag, fámennið, þó allur þessi fjöldi af ferðamönnum séu á ferðinni þá ertu oft gríðarlega mikið einn eða þessir tveir sem eru að ferðast saman að þeir geta allavega eins og staðan er í dag, þó með þennan fjölda ferðamanna... fundið sér þú veist náttúruna alveg bara og kyrrðina.

Þá voru einnig margir sem nefndu náttúruna almennt, landslagið og jarðfræði svæðisins sem aðdráttarafl. Einn viðmælenda orðaði það þannig að: „...fólk kemur hingað til að sjá íslenska náttúru aðallega og það er alveg númerið eitt, tvö og þrjú á Íslandi það er bara þannig, það sem fólk er að sækja í“. Viðmælandi sem skipuleggur gönguferðir á svæðinu sagði aðdráttaraflið á svæðinu vera:

...náttúra svona nánast eins og hún kemur af kúnni sko. Mikil endurnýjun í þessu svæði, þannig maður sér svolítið landmótunina þarna. Og já, ég held að það einmitt, að þetta... þessi gosvirkniáhrif, eða áhrif gosvirkni á landslagið sé að draga voða mikið fólk að. Það er kannski svona það sem svæðið hefur umfram önnur svæði. En svo er þetta náttúrulega, ég held að megi segja í... í öllum okkar ferðum þá er það, sem sagt það að vera úti í náttúrunni sem er aðdráttaraflið, númer eitt, tvö og þrjú.

Þá var talað um einstaka náttúrufegurð og fjölbreytileika í landslagi og sagði viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem skipuleggur gönguferðir að:

Þetta er bara gríðarlega fjölbreytt landslag og það eru hlutir þarna eins og t.d. nálægðin við jökulinn, hraunið, sandarnir, mosarnir, gígarnir... þetta er bara, ógurlega fallegt og það er svo mikið bakland þarna sem er, það er hægt að gera svo margt þarna.

Einn ferðþjónustuaðilanna sagði aðdráttaraflíð vera „náttúrulega bara eins og allt Fjallabakið, það er þessi ósnortna náttúra og hvað þetta er stórbrotið og óspillt allt“.

Að mati viðmælenda felst hluti af mikilvægi svæðisins í því að það er hluti af stærri heild, landslagsheildinni *Fjallabak* eins og kemur fram í ummælum viðmælanda hjá afþreyingarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu:

Þetta er mjög mikilvægt svæði fyrir íslenska ferðþjónustu, Fjallabakið í heild sinni, Fjallabakið, Fjallabaksleið syðra, nyrðra, Skaftáin, Sveinstindur, Langisjór... ég tala nú ekki um þegar við erum komin niður Skaftá í Lakagíga, Skaftáreldahraunið og allt það undur að þarna erum við náttúrulega bara á lykilsvæði fyrir sumarferðþjónustu.

Mikilvægustu áfagnastaðirnir á svæðinu voru að mati viðmælenda Eldgjá, Langisjór og Landmannalaugar. Sérstaða Eldgjár var oft nefnd sem aðdráttarafl eitt og sér sem og svæðið á milli Langasjós og Hólaskjós. „Náttúrulega bara náttúran, eins og við vorum alveg búin að ímynda okkur frá *Skalingunum*, gegnum Eldgjá og niður að Hólaskjóli og þar yfir í *Álftavötn*. Það er náttúrulega bara ótrúlega falleg náttúra“. Þá minntust aðrir á hraunbreiðurnar og Skaftána sjálfa.

Sérstaða svæðisins er náttúrulega náttúran og þessi óspillta náttúra og kannski þessi víðerni líka. Við sitjum náttúrulega á því og þú getur náttúrulega séð alls staðar hraun á Íslandi og mósapembur. En þá getum við alla vega sagt að hér erum við með stærstu hraunbreiðu Íslandssögunnar og ef ekki mannkynsins. Og hérna... tiltölulega dreift byggð þannig að þú ert svona svolítið mikið, þó þú sért ekki, þá líður þér eins og þú sért í nómans landi.

Einnig voru gönguleiðir á svæðinu taldar dýrmætar og þá sérstaklega vegna þess að á þeim sjást svo til engin mannvirki.

Það sem er við þessa gönguleið, ólíkt t.d. því að fara Laugarveginn er að þarna ertu algjörlega... það er ekkert man-made og raunverulega það sem viðskiptavinirnir hafa sagt í ummælum um ferðina er það að þú verður ekki var við neitt manngert á leiðinni og það er sölupunkturinn.

Ferðþjónustuaðili á svæðinu lagði áherslu á þá sérstöðu að geta gengið án þess að verða var við aðra ferðamenn eða mannvirki: „ég held að þeir séu að koma til að ganga og sjá hvað þetta er allt saman ósnortið og mikil víðátta og kannski enginn annar“.

4.2 Viðhorf ferðþjónustunnar til aðgengis

Viðmælendur voru almennt sammála um að ekki væri æskilegt að byggja upp uppbyggðan veg en töldu þó flestir jákvætt ef vegur yrði bættur og að honum væri betur haldið við. Aðrir töldu þó malarvegi og vöð vera hluti af aðdráttarafli hálendisins auk þess sem í því fælist ákveðin stýring/verndun sem kæmi í veg fyrir að allir ferðamenn sem heimsækja landið fari upp á hálendið.

Ferðþjónustuaðili í Reykjavík sem er með gönguferðir um svæðið taldi bætt aðgengi vera kost en þó mætti það ekki verða of gott.

Ég held að það væri kostur að fá hérna, svona hálfársveg yfir Fjallabak sem að, veg sem að væri hægt að treysta á að væri opnaður á ákveðnum tímum. En ég held að við höfum ekkert að gera með beina, breiða, uppbyggða vegi og virkjanir þarna.

Margir viðmælenda tóku undir það viðhorf að betra aðgengi væri kostur en þó væri engin þörf á uppbyggðum vegum heldur þyrfti að leggja áherslu á aukið viðhald. Viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sagði „*við viljum halda í t.d. Fjallabaksleiðina þessum upprunalega þó við viljum auðvitað að hún sé löguð sko þannig*“. Ferðaþjónustuaðili á svæðinu tók undir með þessu sjónarmiði og lagði áherslu á viðhald Fjallabaksleið nyrðri.

...það er ekki kostur að vegurinn sé uppbyggður eða þannig úr garði gerður að það komist þetta allir sko. Hins vegar er ég heldur ekkert á því að hann eigi að vera ein stór hola sko, alls ekki. Og það má auðvitað kannski vinna örlítið meira í þeim vegi sem er nú þegar. Hann verður, eins og við vitum og þekkjum, hann verður mjög slæmur.

Viðmælandi sem gerir út skipulagðar rútuferðir um svæðið tók einnig undir þetta sjónarmið en sagði þó að í því fælist viss mótsögn þar sem það væri hagstætt fyrir fyrirtækið að vegirnir yrðu bættir eða byggðir upp en að sama tíma fælist sérstaða ferðanna meðal annars í slæmum vegum.

...að sjálfsögðu viljum við geta haft góða vegi til að geta komið rútabílunum á milli staða og að geta keyrt á staðina en maður vill samt ekki sko tapa þessum sjarma. Það þarf að vera einhver millivegur. Það er ótækt eins og verður þegar líða fer á að vegirnir eru ekki keyrandi, hæðóttir og holóttir og bílarnir hristast bara í sundur þannig að það er eitthvað sem við viljum ekki hafa sko. En svona einhverjar lagfæringar á vegunum en ekki það að við séum að tala um uppbyggða vegi eða malbik það finnst mér ekki.

Nokkrir viðmælendur töldu þó að uppbyggður malbikaður vegur gæti verið kostur. Ferðaþjónustuaðili á svæðinu sagði að „*það jákvæða er kannski vegur, okkur bráðvantar góðan veg þarna inn*“ og taldi að uppbyggður malbikaður vegur yrði samgöngubót fyrir svæðið, en þá ekki lengra norður en í Hólaskjól. Nokkrir aðilar tóku undir þetta og töldu að uppbyggðir vegir væru kostur allavega upp að Hólaskjóli og í því fælist einnig minni skemmdir á hópferðarbílum og bílaleigubílum.

Upplifun ferðamanna við að keyra malarvegi og óbrúaðar ár var oft nefnt og töldu margir viðmælenda það vera hluti af aðdráttaraflí svæðisins. Aðspurður hvort bættar vegasamgöngur væri kostur svaraði viðmælandi sem er með gönguferðir á svæðinu: „*Nei ég sé það ekki sem kost. Og vegirnir svona eins og þeir eru í dag, frekar frumstæðir, þeir eru hluti af upplifuninni. Þannig ég held að það, það geti ekki talist jákvætt fyrir þá sem ferðast þarna*“. Upplifun ferðamanna var einnig nefnd af fleiri svarendum og var þar lögð áhersla á að ferðamenn kæmu hingað til að upplifa eitthvað öðruvísi. „*Það er bara hluti af upplifuninni líka, hjá fólki, að þetta séu svona alvöru fjallavegir. Því það keyrir á malbiki heima sko, það er ekki komið hingað til þess hér*“. Fleiri tóku undir þetta sjónarmið þar á meðal viðmælandi á svæðinu sem gerir út hestaferðir, en hann orðaði það þannig: „*þetta fólk er að kaupa það að komast úr siðmenningunni að komast úr bara úr GSM sambandi og og og á vissan hátt lifa primatíft og því meiri sko svona malbiks keyrsla á þessu*“.

Aðili sem selur gistingu og býður upp á ferðir á svæðinu taldi bætt aðgengi vera kost upp að vissu marki en undirstikaði einnig upplifun ferðamanna.

...jú jú auðvitað er bætt aðgengi alltaf til bóta, það bara segir sig sjálf það er jú eins og er talað um þá munu þeir náttúrulega bæta veginn þarna. En upplifunin, upplifun ferðamannsins er auðvitað líka, þessar torleiðir að vissu leiti, það er ákveðin upplifun að rölta þennan veg að þú sért ekki að spana á malbikuðum vegi hérna langt inni á hálendi eða ég meina fólk talar um það að það sé svona þetta skemmtilega við það!

Þeir aðilar sem gera út hestaferðir og hjólaferðir töldu að bætt aðgengi yrði til trafala fyrir rekstur þeirra þar sem þeir nýta sér malarvegina í ferðum sínum. Aukin umferð og aukin umferðarhraði sem myndi fylgja uppbyggðum veg gæti verið hættulegt fyrir viðskiptavinum þeirra og draga úr mögulegri nýtingu slóðanna. Viðmælandi sem býður upp á hestaferðir um svæðið sagði að ekki væri mikið um reiðvegi og því væru slóðarnir nýttir af hestahópum. Hann sagði: „*það eru nefnilega ekki reiðvegir þannig við treystum svolítið á veginn. Þannig að, og þessi tillitsemi milli, við reynum náttúrulega alltaf að víkja þegar við mætum bílum, en því meiri hraði, því erfiðara fyrir okkur að vinna með það sko*“. Aðili sem er með hjólaferðir á svæðinu tók undir þetta og sagði að „*við viljum ekkert hafa þá af góða sko. Því fjallahjól og betri vegir, þá er náttúrulega bara meiri trafik og minna heillandi að hjóla*“.

Hlutverk samgangna í að stýra umferð ferðamanna var stundum nefnd og töldu viðmælendur oft að malarvegir og óbrúaðar ár væru liður í að vernda hálendi Íslands með því að takmarka þann fjölda sem getur heimsótt svæðið. Viðmælandi sem er með langar gönguferðir á svæðinu sagði: „*fyrir mér geta lélegir vegir, það bara ákveða að vera með slóða og óbrúaðar ár, það getur bara verið friðun í sjálfu sér*“. Viðmælandi á svæðinu tók undir þessi sjónarmið, en aðspurður hvort uppbyggðir vegir væru kostur svaraði hann:

Ég held að það þurfi nú ekki endilega að vera kostur sko. Stundum hefur maður nú rätt um það að það sé ágætis stýring að hafa veginn ekki alltof góða sko, að það sé ekki aðgengilegt fyrir alla, þetta sé líka bara ákveðin upplifun að keyra þessa vegi.

4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Búlandsvirkjunar

Ferðaþjónustuaðilar voru almennt neikvæðir í garð Búlandsvirkjunar og töldu að virkjunin myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og hafa þannig neikvæð áhrif á starfsemi þeirra á svæðinu. Þá kom fram í viðtölunum nokkur áhersla á neikvæð áhrif raflína, lóna og sandfoks á svæðum í kringum lón. Margir nefndu einni að með að virkja Skaftá væri verið að skera sneið af jaðri hálendisins og að óbyggð svæði minnkuðu smám saman með slíkum framkvæmdum. Nokkrir aðilar í Skaftárhreppi voru nokkuð jákvæðir eða hlutlausir í garð virkjunarinnar á ýmist á þeim forsendum að frekari raforkuframleiðsla væri undirstaða áframhaldandi þróunar í samfélaginu eða að þeir töldu að bætтар samgöngur sem fylgdu virkjun myndu bæta upp fyrir sjónræn áhrif framkvæmdanna.

Viðmælandi hjá fyrirtæki sem býður upp á lengri gönguferðir um svæðið taldi Búlandsvirkjun vera ein allra neikvæðasta virkjunarhugmyndin sem væri til umfjöllunar í 3.áfangi Rammaáætlunar og sagði:

Búlandsvirkjun er kannski sú virkjun af þessum, eins og staðan er í dag, sem myndi hafa hvað mest sýnileg áhrif fyrir ferðaþjónustuna í heild sinni, af því að það er svo mikil trafik sem fer Fjallabak nyrðra og í gegnum Eldgjáanna [...] þetta er kannski helmingurinn af sumartraffíkinni sem fer þarna í gegn. Þannig að þetta mun hafa mjög mikil áhrif fyrir íslenska ferðaþjónustu, þessi hérna virkjun, því hún verður svo sýnileg, hún er svo nálægt veginum.

Viðkomandi bætti við: „Þessi leið er þannig að þú keyrir hana frekar hátt hérna á bryggjunum þannig þú ert með svo mikið útsýni á þessari leið. Þannig ég held að þetta sé svona sá kostur sem mun hafa mestu sjónrænu áhrifin“. Annar aðili á höfuðborgarsvæðinu sem er einnig með lengri gönguferðir á svæðinu tók undir þetta. Aðspurður hvaða virkjun hann teldi að hefði helst neikvæð áhrif fyrir starfsemi fyrirtækisins svaraði hann „...ef við skoðum bara beint út frá þeirri starfsemi sem við erum í, þá sé Búlandsvirkjun á toppinum þar“. Fleiri aðilar í afþreyingarferðaþjónustu tóku undir þetta og lögðu áherslu á hversu margir eru að nýta þetta svæði til útivistar og segja að „þetta fellur ekki vel að því að þetta er okkar, náttúrulega okkar allra verðmatasta svæði“. Aðili sem býður upp á hestaferðir um svæðið tók undir þetta og sagði „mér finnst líka bara fráleitt að af þessu verði og ég eiginlega bara trúi því ekki. Ég held að fólkið í Skaftártungu muni aldrei láta það viðgangast, eða ég vona allavega ekki“. Viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á ferðir með leiðsögumanni um svæðið bætti við:

...þetta er skemmtilegt svæði og svona vítt og ósnortið nema ef þessi virkjun á að fara að koma þarna [...] mér finnst Hólaskjól svo mikil náttúruperla, hérna langt inn í landi og allt í einu er komin virkjun og þá eru komin bílastæði. Veistu mér finnst þetta alveg bara ég segi bara NEI.

Aðili sem rekur gistiþjónustu á svæðinu taldi að virkjunin hefði lítil áhrif á starfsemi sína en taldi frekar að hún hefði neikvæð áhrif á ferðamennsku á svæðinu í heild: „það er náttúrulega gríðarlegur fjöldi sem fer á Fjallabak og ég verð að segja alveg eins og er að ég held að Búlandsvirkjun muni hafa neikvæð áhrif á þetta“.

Viðmælandi í Skaftárhrepp sem býður upp á gistingu og afþreyingarferðir taldi að miðlunarlónið á Þorvaldsaurum yrði lýti á landslaginu og hefði áhrif á þá sem færu um svæðið. Hann sagði: „það keyrir hérna um allt þetta svæði og þarna myndast gríðarlegt lón á Þorvaldsaurunum og grámyglulegt jökulblaupsvatn sem er ekki fallet á að líta“. Annar aðili sem selur gistingu á svæðinu sagði að neikvæðust áhrifin væru: „náttúrulega uppistöðulón að stórum bluta, raflínur að einhverjum bluta líka“.

Margir viðmælendur minntust á inntakslón og setlón sem yrðu á svæðinu í kringum Hólaskjól og leist flestum illa á þær hugmyndir. Viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem gerir út gönguferðir um svæðið sagði: „mér list mjög illa á þessi inntakslón sem eru skipulögð þarna í kringum Hólaskjól. Það er ofboðslega fallet þarna, fallet að sjá hvernig Skaftáin kemur þarna fram af braununum“. Annar viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu taldi þó lónin sjálf ekki vera vandamál heldur þau mannvirki sem sæjust og

sagði „því minna sem maður verður var við þetta því meira finnst mér það í lagi“. Viðmælandi sem rekur gistingu á svæðinu var einnig frekar efins um áhrif lónanna og sagði:

...eins og ég sagði áðan, er svona svolítið skeptískur á þetta [...] en að sjá þetta á korti þá er þetta dálítið, eða virkar gríðarlega stórt lón. Og það er kannski annað ef það væri hægt að gera rennslisvirkjun, með mun minna raski. Og það er náttúrulega spurning með Hólaskjól í dag sem gæti orðið mögulega í framtíðinni hlið inn á hálendið. Að þá náttúrulega maður sér alveg að það er gríðarlegt mögulegt rask þar í kring. Það er bara spurning hvaða áhrif það hefur.

Hærrí grunnvatnsstaða og varnargarðar vegna inntakslóna við Hólaskjól voru áhyggjuefni aðila sem rekur gistiðstöðu á svæðinu:

...það er náttúrulega framkvæmdin sem slík, við erum dálítið uggandi varðandi hana, vegna þess að grunnvatnsstaðan þarna á staðnum, Hólaskjóli, hún er mjög há og þetta getur haft neikvæð áhrif á það [...] En ef hún hækkar þá erum við bara í vandræðum með staðsetningu og frárennsli, við erum nú þegar í vandræðum með það sko. Það er einn þátturinn. Annar þáttur er kannski útsýnið frá Hólaskjóli, varnargarðar verða sýnilegir frá Hólaskjóli sem maður myndi halda kannski að yrði neikvætt fyrir upplifun ferðamanna.

Aðspurður hvaða mannvirki myndu hafa mest áhrif sagði ferðaþjónustuaðili í Skaftárhrepp:

Ég hefði haldið að stíflugarðar og allar svona klárlega markeraðar línur í landslagi, það er auðvitað þarna raflína sem að glepur augað þegar maður kemur, bæði þegar maður kemur keyrandi yfir í Skjólið og eins bara þegar maður fer niður Fjallabakið. Suðurlínan held ég að hún sé kölluð. Og hún fer ekkert á milli mála sko. Já ég hefði helst haldið að stíflugarður og auðvitað lónstæði, vegurinn liggur eins og staðan, eins og þetta er fyrirhugað á bökkum lónstæðisins í rauninni, þú horfir yfir það sko.

Sumir viðmælendur ræddu uppfok á sumum af þeim stöðum sem hefur verið virkjað hér á landi hefði oft verið vanmetið. Viðmælandi sem rekur gistiðstöðu í Skaftárhrepp minntist meðal annars á þetta og sagði

...við erum náttúrulega að tala um veg sem að liggur upp með lóni og við verðum að áætla kannski eins og hefur sýnt sig á öðrum lónum að það getur orðið uppfok af þessu þurrkatímum og þegar það er ekki mikið vatn í. Þannig að það er náttúrulega annað, þegar þú keyrir ferðamenn í gegnum svoleiðis svæði.

Viðmælandi á svæðinu sem býður upp á hestaferðir taldi að uppfokið væri mikilvægur þáttur þegar áhrif virkjunarinnar væru rædd. Þegar rætt var um áhrif foks sagði hann: „það náttúrulega spillir upplifun ferðamanna ef þeir eru að keyra í moldarmökki og eins fyrir bestamenn og göngufólk að vera með, moldryk í augunum það er ekki skammtilegt [...] reynslan er náttúrulega að kenna okkur þetta“. Undir þetta tók afþreyingarfyrirtæki sem meðal annars býður upp á fjallahjólaferðir um svæðið: „í sambandi við lónið, þegar það þornar upp, það kemur náttúrulega mikil aska frá því og drulla sem að, ef það þorna upp og blæs í mann, það er heldur ekkert kannski gaman að hjóla í því“.

Margir viðmælenda töldu að markhópurinn eða samsetning ferðamanna myndi breytast ef virkjað yrði á svæðinu og margir töldu að ferðir um svæðið myndu leggjast niður eða ferðaleiðum breytt til að sneiða hjá virkjun. Í einhverjum tilfellum töldu ferðaþjónustuaðilar að framkvæmdirnar gætu haft jákvæð áhrif á starfsemi þeirra með auknum straum ferðamanna vegna bæt看 aðgengis.

Sú skoðun að virkjun gæti hugsanlega fælt fólk frá svæðinu kom fram í mörgum viðtölum. Viðmælandi sem starfar meðal annars við markaðssetningu svæðisins sagði að afleiðingarnar gætu orðið þær að: „*mögulega gætu ferðamenn farið að sækja eitthvað annað*“. Viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á gönguferðir um svæðið taldi virkjunina myndi hafa áhrif á upplifun ferðamanna í gönguferðum fyrirtækisins og sagði að virkjun myndi: „*skerða upplifun fólks sem er að fara í þessar ferðir. [...] gönguleiðin sjálf er mjög nálægt þessu lóni hér og svo á herna... á leiðinni á svæðið sko*“. Síðar í viðtalinu kom fram að göngufólk: „*leiti frekar á svæði sem eru sem minnst rökðuð. Þannig ég myndi ætla það að þetta myndi draga úr aðsókn í þessar ferðir, ég held að það sé eiginlega nokkuð ljóst*“. Sami aðili rekur eining skála á svæðinu og kom fram í viðtalinu að hann taldi að virkjunin myndi líklega hafa neikvæð áhrif á þann rekstur með minni aðsókn. Annar viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á ýmis konar afþreyingar- og útivistarferðir um svæðið var einnig viss um að virkjunin hefði neikvæð áhrif á starfsemi þeirra og myndi hafa í för með sér að fyrirtækið leitaði á önnur svæði. Hann sagði: „*við erum með hjólaferðir þarna og gönguferðir og ég held að virkjunarmannvirki þarna í kringum Hólaskjól myndi hafa mjög neikvæð áhrif á það og við myndum mjög líklega hætta og fara okkur eitthvað annað*“. Annar viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir um svæðið taldi einnig að virkjun hefði mjög neikvæð áhrif á útivistarmöguleika á svæðinu og sagði:

... nú er þetta svona tiltölulega ný gönguleið sem verið er að byggja upp og við erum búin að kosta alveg verulega til þess að koma þessari gönguleið í gang og nú er fólk að koma hérna ár eftir ár og flestir byrja á að fara Laugavegin en fólk heillast og vill koma og gera eitthvað meira og þetta er svona næsta gönguleið sem fólk hefur valið að fara þannig að það frumkvöðlastarf sem við erum búin að reyna þarna það getur verið fyrir bí með því að snerta við þessu svæði.

Aðili af svæðinu tók undir þetta og taldi að möguleikar göngufólks myndu skerðast og hugsanlega yrðu slíkar ferðir skipulagðar í kringum þessar virkjanir. Hann sagði:

Ég er ansi hræddur um að í einhverjum tilfellum myndu gönguferðir taka einhvers konar mið af þessum mannvirkjum, ég skal reyndar alveg viðurkenna það að ég veit ekki nákvæmlega hvaða leiðir menn eru að fara en ég hugsa að menn myndu frekar sneiða fram hjá því en hitt. Og, ég hef mestar áhyggjur af svona upplifun fólks á þessari leið, að þú ert það lengi meðvitaður um þessar virkjanaframkvæmdir á leiðinni inn að þessum friðlýstum svæðum og inn á nyrðra Fjallabak, að þetta er svona það fyrsta sem matir þér sko.

Þetta kemur einnig fram í viðtali við aðila af svæðinu sem er með hestaferðir, en hann taldi líklegt að fyrirtækið myndi hætta að nýta sér þjónustu Veidifélagsins í Hólaskjól og leita annarra reiðleida, t.d. með stoppi í Álftavötnum. Hann sagði:

Ég held að ef af þessu yrði myndum við reyna að vinna frekar með Álftavötnum og bara sniðganga svæðið [...] þá er í rauninni ekkert þar að sækjast eftir. Þannig að, af því að það væri þá möguleiki þá bara, hafa samband við Útivist, en það er synd því Hólaskjól hefur mikið upp á að bjóða með fossinn þarna í bakgarðinum og einmitt þessa sérstöðu með lindánnu og jökulánnu að koma saman [...]Ég held að það sækist enginn eftir því að byggja upp ferðaþjónustusvæði hliðina á virkjun. Ég held ekki. Af því að við erum að selja náttúruna en ekki að skoða virkjanir.

Viðmælandi sem rekur gistiaðstöðu og býður einnig upp á ferðir um svæðið taldi að hægt væri að vinna með virkjun og gera hana að hluta af upplifuninni með fræðslu um umhverfissvæna

orkuframleiðslu. Hann taldi að mannvirkin gætu haft áhrif á upplifun þar sem víðsýnt er á svæðinu en að ferðaþjónusta og virkjun á svæðinu gæti virkað saman. Hann taldi því ekki að virkjun hefði almennt neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu. Ferðaþjónustuaðilinn lagði þó áherslu á að allar framkvæmdir yrðu gerðar með það í huga að þær hefðu sem minnst sjónræn áhrif á umhverfið og að byggingar myndu falla vel að umhverfi. Hann sagði:

Ég myndi bara hafa þetta hluta af mínu, hér erum við að virkja græna orku og gera mikið úr þessu og segja frá þessu. Auðvitað myndi það vera á svona sýnilegum hlutum og yfir svona axlir þar sem maður er með mikið útsýni og svona ef að svoliðis hlutir, ef mastur væri ofan í lögðum og jarðstrengir uppi á hæðum, auðvitað væri það ákjósanlegur kostur sko. Þar sem þetta er unnið í meiri sátt við náttúruna.

Fyrirtæki sem býður meðal annars upp á hjóltreifaferðir um svæðið sá ekki fyrir sér að nýta svæðið í nágrenni virkjanir ef til þess kæmi en í staðinn myndi fyrirtæki „*sennilega keyra gestina í gegnum svæðið og byrja þá upp í Langasjó eða Sveinstind og hjóla þar á milli skála*“. Ástæðan fyrir þessu var að miklu leyti lónstæðin sem myndu hindra þær leiðir sem fyrirtækið nýtir sér í dag. Á sama tíma sagði viðmælandi: „*Þetta er náttúrulega ekkert fallett, eða svona, þetta væri svona seinni kostur. Ég myndi vilja hafa þetta eins og þetta er frekar*“. Aðspurður um áhrif virkjana á starfsemi sína svaraði viðmælandi sem býður upp á ferðir um svæðið í litlum hópum með leiðsögumanni á eftirfarandi hátt:

Það er neikvætt fyrir svona þá hugmynd sem við höfðum, allavega í upphafi, við viljum frekar halda þessu. Ég er ekkert að segja að maður eigi að vera gamaldags og að það eigi ekkert að þróast og ekkert að gerast og það er náttúrulega ekkert hægt. En maður vill sjá sem minnst röskum á þessu svæði sem við eigum og er svo sko bara stórkostlegt þannig að ef það er virkjun hér og hér og hér þá er þetta einhvern vegin ekki fallett eða skemmtilegt lengur.

Tveir gístiaðilar í Skaftárhrepp voru sammála um að virkjunarframkvæmdirnar sem slíkar myndu ekki hafa nein bein áhrif á þeirra rekstur þar sem að fólk myndi þurfa á gistingu að halda hvort sem það færi inn á þetta svæði eða ekki. Hins vegar voru þeir báðir þeirrar skoðunar að virkjunin hefði neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu í heild og myndi skerða möguleika. Annar þeirra sagði: „*ég mundi telja út frá ferðaþjónustunnar augum að þetta gæti haft svona kannski neikvæð áhrif á þennan breinleika og náttúruupplifun sem við erum kannski að gera út á í rauninni. Þannig að þetta gæti skert það, þá möguleika*“. Annar gístiaðili taldi að mestu áhrifin yrðu á framkvæmdartímanum þar sem mikil hljóðmengun og sjónmengun getur orðið á meðan á framkvæmdum stendur. Sá aðili taldi heldur ekki að virkjunin hefði bein áhrif á rekstur gístiaðstöðu önnur en að samsetning viðskiptamanna gæti breyst og að aðrir markhópar færu að sækja á svæðið.

Í sumum viðtölum kom þó fram að viss tækifæri leyndust í virkjunarframkvæmdum þar sem að bættar samgöngur opnuðu svæðið fyrir breiðari markhóp. Viðmælandi sem er í afþreyingarferðaþjónustu á svæðinu taldi þannig að þrátt fyrir að virkjun gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi sína gæti skapast tækifæri í kringum virkjunina sjálfa ef að opnað yrði fyrir heimsóknir í hana og eins yrði greiðfærara upp í Hólaskjól og Eldgjá. Það gæti haft jákvæð áhrif fyrir til dæmis rekstraraðila að Hólaskjóli.

Mikilvægi hálendisins sem landslagsheildar var ein af ástæðum þess að margir töldu Búlandsvirkjun vera ein af þeim virkjunum sem hefði mest áhrif á ferðaþjónustu á Íslandi í heild. Margir komu inn á verðmæti hálendisins í heild fyrir ferðaþjónustuna og það sjónarmið að með virkjuninni væri verið að færa mörkin milli láglendis og öræfa/víðerna ofar kom víða fram. Ferðaþjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem er með langar gönguferðir um svæðið kom inn á þessi sjónarmið og sagði að „þó að við séum svona að öllu jafna á móti þessum áformum, svona meira og minna, þá erum við ekkert á móti því að virkja og nýta þá möguleika en við gerum bara greinarmun á byggð og óbyggð“. Viðmælandi sem gerir út hópferðir um svæðið tók undir þetta og sagðist skilja þörfina fyrir orkuframleiðslu á landinu en bætti svo við:

... þetta er svona verið að sækja að á öllum vígsstöðum. Þetta hefur einhver áhrif og svo ertu kominn með virkjanir hinu megin líka, fyrir norðan líka, það er bara alltaf verið að klípa af kökunni. Þannig að sem heildarmynd þá held ég að þetta hafi allt saman, þegar tekið saman, neikvæð áhrif.

Þetta sjónarmið kom fram í fleiri viðtölum og kom meðal annars fram í ummælum afþreyingarfyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu að það væru „greinilega áform um að teygja sig alltaf lengra og lengra, og ef þú ert kominn alla leið inni eða uppá miðjan Sprengisand og þarna, þá ertu bara kominn alla leið. Þá ertu búinn að rjúfa landslagsheildina“. Í einhverjum viðtölum var svæðinu í kringum Hólaskjól með virkjunarframkvæmdum líkt við Hrauneyjasvæðið þar sem ferðmenn keyra hratt í gegn til að komast inn á náttúruleg svæði. Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á gönguferðir um svæðið sagði: „þetta verður bara svæði þar sem er virkjun og þú keyrir bara eins bratt og þú getur í gegn til að komast inná hálendið. Eða komast á þá staði sem þú vilt komast á“.

Viðmælandi sem rekur gistingu á svæðinu og býður upp á afþreyingu fyrir gesti taldi þó að þrátt fyrir það verðmæti sem felst í víðernum væri ekki hægt að þvertaka fyrir virkjanir á svæðinu þar sem orkuframleiðsla væri ein undirstaða góðra lífsskilyrða. Hann sagði:

Ég er mjög meðvitaður um það að ef við höldum hér einhverjum lífsstandard hér á þessari eyju okkar þá þurfum við að geta framleitt orku og ef það er ekki hægt eða það er orðið bannað að gera það á þennan græna hátt sem við erum að gera hér að þá er þetta bara.... og ég er bara að reyna að lifa með því sem gert er. Hitt er aftur á mót annað mál [...] að maður vill svona minnka eða hafa minnst sýnilegan, eins og ég sagði áðan það eru verðmæti fyrir mig að hafa víðerni og hafa svona. En það er hægt að gera allt í sátt.

Ein af ástæðum andstöðu ferðaþjónustuaðila voru möguleg neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Aðspurður hver ástæða fyrir andstöðu sinni á Búlandsvirkjun svaraði aðili sem starfar við afþreyingarferðamennsku á höfuðborgarsvæðinu: „þær eyðileggja upplifunina um víðerni og ósnerta náttúru“. Þetta má einnig sjá í ummælum ferðaþjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu sem er með hópferðir um svæðið:

Auðvitað myndi þetta skemma mjög fyrir upplifun ferðamannsins á svæðinu. Þarna erum við með Eldgjá, Langasjó, Fjallabaksleið syðri, nyrðri og við gistum oft með fólk hérna í skála Útivistar í Álftavötnum. Við erum töluvert á þessu svæði og þetta er fallett svæði en ef við erum allt í einu komin í eitthvað svona mannvirkjadæmi þá bara versnar upplifunin og þetta verður ekki jafn gott og þetta verður ekki jafn gaman. Hver og ein virkjun skerðir tekjumöguleika íslenskrar ferðaþjónustu í framtíðinni.

Leiðin að Friðlandinu að Fjallabaki og vestursvæði Vatnasjökulsþjóðgarðs liggur um fyrirhugað virkjunarsvæði og minntust viðmælendur á að aðkoma að þessum svæðum myndi gjörbreytast með virkjun og hefði þannig áhrif á upplifun.

Ég tel að virkjanaframkvæmdir á þessar leið þarna inn úr hafi tvímælalaust mjög neikvæð áhrif á upplifun fólks og þar af leiðandi gesti þjóðgarðsins. Einn af tilganginum með stofnun þjóðgarðsins er að auka aðgengi fólks að þessum náttúruverndarsvæðum og ég tel það tvímælalaust hafa neikvæð áhrif ef að þeir, leiðir inn í þjóðgarðinn er vörðuð virkjanaframkvæmdum eins og um margt Sprengisandur er í dag, á leiðinni inn í Nýjadal sko.

Margir viðmælendur töldu virkjanaframkvæmdir myndu hafa mikil áhrif á þann markhóp sem fer um svæðið í dag þar sem fólk sækir upp á hálendi í leit að náttúrufegurð og óbyggðum. Þannig töldu margir að annað hvort myndi aðsókn minnka eða að samsetning markhópsins sem myndi sækja svæðið myndi breytast. Aðili sem býður meðal annars upp á jeppaferðir um Fjallabak orðaði það á eftirfarandi hátt: „*við erum náttúrulega aðallega að selja aðgang að náttúrunni og selja náttúrufegurð og náttúru og hvert mannvirki sem kemur svona uppi á hálendi, uppi á hálendisbrún og svo framvegis náttúrulega skemmir upplifun okkar fólks*“. Aðili sem vinnur mikið við markaðssetningu svæðisins tók undir þetta og sagði:

Fólk er að koma hérna keyrandi inn á þessi víðerni og ósnertu náttúruna og að það myndi svolítið skemma upplifunina, þú sérð þessi stóru manngerðu byggingar og... stíflur væntanlega sem munu sjást þarna frá veginum, og lónin, munu skemma þessa upplifun af ósnortinni náttúru þá.

Að mati þeirra viðmælenda sem reka hestaleigur er náttúruupplifun mikilvægur þáttur í ferðum sem þeir bjóða upp á um svæðið og eru ferðir skipulagðar þannig að viðskiptavinir verði sem minnst varir við hvers kyns manngert inngrip í náttúruna. Einn viðmælendanna sem býður upp á langar hestaferðir um Fjallabak undirstrikaði þetta og sagði fyrirtækið forðast að fara nálægt raflínu og öðrum mannvirkjum:

Ég held að virkjanir og stíflugarðar hafi ekki góð áhrif á ferðamenn sem eru að koma og skoða náttúruna á Íslandi, því það er nú helsta aðdráttaraflíð hér og í ferðunum okkar. Þeir eru ekki komnir hingað til að kynna sér virkjanaaðgerðir.

Annar aðili sem býður upp á hestaferðir á svæðinu tók undir þetta og taldi að aukin ferðamennska og uppbygging raforkuframleiðslu á svæðinu færi ekki saman og að aukin uppbygging mannvirkja myndi hafa áhrif á markhópinn og tegund ferðamanna sem sækja svæðið heim. Aðspurður hvort að hann teldi að ferðaþjónustu og orkuframleiðslu gæti farið saman á svæðinu svaraði viðmælandi:

Ég held að það stangist á. Ferðamennirnir sem eru að koma þeir eru mest megnis að koma út af óspilltri náttúru og norðurljósum og ég held að ljósmengun og svona stórframkvæmdir stangist á við það [...] allavega ef ég væri að ferðast til landa þar sem maður væri svona aðallega bara að upplifa náttúru og norðurljós og tengslin við náttúruna, sem eru mjög sterk hér, að þá held ég að þetta yrði frekar sjokkerandi að sjá stóra múrsteinsbyggingu eða steypubyggingar.

Viðmælandi sem býður upp á hestaferðir um svæðið tók undir þetta og taldi að mannvirki á þessu svæði myndu stinga í stúf og hafa áhrif á upplifun gesta. Hann sagði:

...öll mannvirki í þessu umhverfi stinga svo í stúf, sérstaklega af því að áin þarna er virkilega falleg og við bendum alltaf á það að þetta er s.s. lindará sem kemur í snertingu við jökulá. Og þetta er eitthvað sem maður sér ekki alls staðar og þetta er svo gaman að geta útskýrt tvær mismunandi gerðir áa koma saman og mynda eina og fólki finnst það alltaf magnað. Því svo ríðum við aftur framhjá og þau sjá bein fyrir framan sig þetta bláa, tæra vatnið í andstöðu við jökulvatnið þannig.

Þá minntist viðmælandi sem rekur afþreyingarfyrirtæki á svæðinu einnig á að stemmingin við að vera inni á hálendinu og upplifun ferðamannana af því að vera í óbyggð stangaðist á við virkjunarframkvæmdir. Hann taldi að eins og staðan er í dag þá væri maður kominn upp á hálendi eða í óbyggðir þegar keyrt væri upp fyrir Búland. Hann sagði að „*það yrði svolítið svona ekki svona mikil hálendisstemning ef maður kemst bara á venjulegum bíl megnið af árinu eða eitthvað þarna upp eftir. Þá ertu ekkert kominn upp á hálendi*“.

Víðsýni og útsýni á hálendinu kom oft upp í viðtölunum við ferðaþjónustuaðila, en viðmælendur töldu víðsýni á hálendinu væri mikilvægur hluti af upplifun ferðamanna og því hefðu hvers konar mannvirki á hálendinu mikil sjónræn áhrif. Aðili sem rekur gistiaðstöðu á svæðinu minntist á hugsanlega sjónmengun af meðal annars raflínunum frá vinsælum ferðamannastöðum svo sem Lakagígum og Eldgjá: „*þetta eru náttúrulega orðnir vel uppbyggðir staðir, Eldgjá og Lakagígar. Það náttúrulega skiptir mjög miklu máli í kringum þau svæði og það sjónarhorn, að þessi víðsýni sem þú sérð þaðan að hún sé sem hreinust og tærust*“. Hann bætti við: „*það er náttúrulega bara spurning um hvernig afstöðumyndin af þessu er, t.d. ofan af svæði eins og Lakagígum, nú er hægt að skipta svæðinu í svo marga hluta. Hvort þetta hafi sjónræn ofan úr Eldgjá eða hálendinu fyrir innan*“.

Viðmælendur voru einnig spurðir út í hvort einhver sérstök mannvirki sem tengjast virkjanaframkvæmdum hefðu mest neikvæð áhrif á ferðamennsku á svæðinu. Í því samhengi minntust flestir svarenda á raflínur og töldu þær valda sjónmengun þar sem þær sjást víða og draga úr upplifun ferðamanna. Ferðaþjónustuaðili á svæðinu sagði: „*mér finnst þær sko mesti skaðvaldurinn í hálendinu það eru þessi möstur og línur*“. Viðmælandi sem gerir út hópferðir frá höfuðborgarsvæðinu orðaði það á eftirfarandi hátt:

Þú veist það er ekkert til sem heitir falleg virkjun beint. Skilurðu? Og af því gefnu að lagnir séu ekki í jörðu þá er það alltaf ljótt, það er bara svoleiðis. Og það skemmir náttúrulega svona þessa víðernistilfinningu fólks t.d. sem er upp á hálendi, eða bara svona úti í ósnortinni náttúru, að hún er ekkert rosalega ósnortin ef það eru... þú veist þarna blasa við mannvirki eins og háspennulínur og svona. Það er bara, þannig að það er ekkert jákvætt í því.

Mikil áhersla var lögð á að raflínur væru grafnar í jörð eins og kom meðal annars fram í viðtali við gistiaðila af svæðinu:

mér finnst þetta bara ljótt, en hins vegar geri ég mér grein fyrir að einhvern vegin verður að flytja rafmagn [...] það kostar náttúrulega mikið að setja þetta niður í jörðu og kannski ekki heppilegt á öllum stöðum og mér finnst það allra verst þessar línur inni á hálendinu, inni á örefum. Mér finnst sök sèð með línur hreinlega í byggð eða með vegi, það er svona öðruvísi mál. En þú ert að fara inn á hálendi til að skoða náttúruna í sinni hreinustu mynd, ef maður getur orðað það svo, og þá er lítt spennandi að sjá sko ekkert nema möstur, kannski tvöföld línu möstur hlið við hlið sem að sko er gríðarlega áberandi. Þetta hefur neikvæð áhrif á ferðamennina og þeirra upplifun að sjá svona, það er bara alveg klárt!

Annar ferðabjónustuaðili á svæðinu tók undir mikilvægi niðurgrafna lína og sagði „*mér finnst það allt annað mál ef þetta sést ekki neitt sko, en að sjá raflínur og þetta bara það særir mann bara og skemmir fyrir manni þessa upplifun*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á gönguferðir um svæðið var sömu skoðunar og fannst hvers kyns línur af völdum framkvæmda skemma upplifun og sagði „*miklir skurðir eða beinar ljótar línur þá ertu kominn með upplifun sem er ekki falleg inni landslagið. Þetta fellur ekki, þetta sker sig úr, þá sérðu strax að þetta er orðið manngerf*“. Ferðabjónustuaðili af svæðinu taldi að sýnileiki raflína gæti haft áhrif á hvaða markhópar sækja á svæðið og taldi líklegt að línur og möstur myndu fæla frá ferðamenn og útivistarfólk. Aðspurð um hvort raflínur hefðu áhrif sagði hann:

Það hefur allavega áhrif á sjálfan mann og kannski er þetta líka, kannski er þetta bara annar markhópur, markhópurinn þarna hefur náttúrulega verið göngufólk og þeir sem að vilja svona... skoða náttúruna bara. Þannig að kannski er ekki hægt að reikna með því að sá markhópur sækir þangað eftir framkvæmdirnar.

Viðmælandi sem býður upp á hestaferðir um svæðið minntist einnig á raflínur og sagði að raflínur hefðu alltaf áhrif á fólk en þó sér í lagi hestamenn og því forðast fyrirtækið eins og heitan eldinn að ríða með fram raflínum. Ferðirnar væru þannig skipulagðar meðal annars með það í huga að ferðamenn sæju sem minnst og helst ekkert af mannvirkjum á milli náttstaða. Í mörgum viðtölunum kom fram að mikilvægt væri að öll mannvirki á hálendinu myndu falla vel að landslaginu og að þar sem hægt væri að koma því við væru raflínur niðurgrafnar. Ferðabjónustuaðili með bílaleigu taldi mikilvægt að frágangur væri góður til að takmarka eins og hægt væri sjónræn áhrif: „*ég held að línur skipti miklu máli þarna og... öll svona frágangur á mannvirkjum og stöðvarbúsum og þess háttar*“. Viðmælandi sem er með gönguferðir um svæðið var sammála þessu og sagði að það ætti að vera leiðarljós að vanda vel til verka í allri mannvirkjagerð á hálendinu: „*við getum við verið með vegi sem fylgja landslagi, og við getum verið með byggingar sem falla mjög vel inni landslag og felast vel*“.

4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins

Viðmælendur töldu almennt mikla möguleika á að nýta Fjallabakssvæðið enn meira en nú er og töldu að svæðið gæti tekið við fleiri ferðamönnum með betri stýringu og fleiri afþreyingarmöguleikum. Í viðtölunum kom fram að styrkleiki þess væri að vera áfram mikilvægt útivistarsvæði og að framtíðarmöguleikarnir lægju í auknum merkingum gönguleiða og að fleiri aðilar myndu bjóða upp á göngu-, hjóla og hestaferðir um svæðið. Flestir töldu að virkjun hefði áhrif á þróun uppbyggingar í Hólaskjóli, en ekki voru allir sammála um á hvern hátt.

Viðmælandi sem rekur gistingu á svæðinu taldi svæðið bjóða upp á mikla möguleika og að sú uppbygging sem yrði á svæðinu myndi væntanlega fyrst og fremst snúast um náttúruferðamennsku. Hann sagði að það sem vantaði á svæðinu væri: „*fyrst og fremst afþreying í hvaða formi sem hún er, að öllum líkindum verður hún alltaf tengd náttúrunni á einn eða annan hátt. Við höfum tækifæri*

hérna t.d. á hjólaleiðum, byggja upp þannig iðnað. Og gönguferðirnar eru algjörlega vannýttar hér“. Annar aðili sem vinnur meðal annars að markaðssetningu svæðisins taldi að ferðamennska myndi halda áfram að þróast á svipaðan hátt og hún hefur verið að þróast verði ekki virkjað, það er að segja að fjöldi ferðamanna myndi aukast og áherslan muni vera áfram á útivist. Hann sagði:

Ég held að það myndi einmitt bara halda áfram að þróast í þessa átt og verða meiri aukning og já, meiri ferðamennska á þessu svæði. Og svo sem myndi bara halda áfram að vera svipuð ferðamennska og er þarna núna eins og með Hólaskjól og svona gönguferðir þarna í kring.

Viðmælandi sem rekur gistiaðstöðu og hestaleigu taldi að ferðamennska myndi aukast á svæðinu ef ekki væri virkjað og tók undir að þróun myndi líklega vera svipuð og síðustu ár. Hann sagði: *„ég held að hún eigi bara eftir að aukast á þessu svæði, Eldgjáin náttúrulega alveg einstök og Hólaskjólstaðan er mjög skemmtileg. Þannig að, ég held að hún myndi frekar aukast bæði hjá íslenskum ferðamönnum og erlendum“.*

Ferðaþjónustuaðili á svæðinu taldi að fjöldi gesta myndi líklega aukast töluvert í framtíðinni og sagði:

Við eigum að auka aðgengi að þessum stöðum, ekki þá endilega með uppbyggðum vegi heldur það að infrastrúktúrinn sé þannig að fólk geti notið þessara svæða, það séu merktar gönguleiðir og það séu þessir ákveðnu öryggisþóstar sem þú getur sótt í aðstoð og þjónustu. Og ég held að um leið og okkur tekst að halda áfram farsælli uppbyggingu inná þessum svæðum þá hafi það í sjálfu sér aðdráttarafl, af því gefnu að fólk geri sér grein fyrir því að það hafi möguleikann á þessari afþreyingu.

Meðal þeirra aðila sem eru í dag að bjóða upp á gönguferðir um svæðið var nokkur samstaða um að svæðið hefði mikla útivistarmöguleika og sú þróun sem hefði verið síðustu ár með auknum áhuga á útivist myndi auka verðmæti svæðisins á næstu árum. Viðmælandi á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á gönguferðir sagði: *„ef ég er bara eigingjörn og hugsa þetta út frá ferðaþjónustunni og hérna gönguleiðir til framtíðar þá væri þetta svona gönguparadísarland. Það væri hægt að þróa þarna mismunandi leiðir“.* Annar viðmælandi sem einnig býður upp á gönguferðir tók undir þetta og sagði að fyrir þá starfsemi sem fyrirtækið væri með væri jákvæðast ef svæðið þróaðist á forsendum útivistar. Hann sagði:

Út frá okkar starfsemi sem erum fyrst og fremst með ferðir fyrir Íslendinga og fyrir okkar félagsmenn. Út frá þeim þætti þá sko hugsa ég að áhuginn á útivist hann hefur aukist. Og þessar leiðir hafa fest sig svolítið í sessi og þetta er að verða svona, svona hérna í huga margra eitthvað svona sem þarf að gera.

Verðmæti Fjallabakssvæðisins til framtíðar kom einnig fram hjá öðrum aðila sem gerir út gönguferðir sem taldi að svæðið skilaði meiri verðmætum virkjanalaust og sagði: *„fyrir þá sem vilja komast út úr þessum megin skarkala, þetta er takmarkað aðgengi að þessu svæði, þú ert að hitta fáa og þetta eru oft svona betur borgandi viðskiptavinir sem eru að leita eftir að komast í“.*

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í hjólaferðum horfði til svæðisins sem áhugaverðs kosts til hjólaferða: *„þarna myndum við örugglega sjá fyrir okkur að væri hægt að fara í dagsferð með að keyra innúr og hjóla einhvern part. Eða væri hægt að fara í nokkra daga ferð þarna á milli skála á þessu svæði“.*

Viðmælandi sem rekur gístaðstöðu á svæðinu lagði mikla áherslu á mikilvægi bættra samganga. Hann taldi að betri vegur sem fylgir virkjun gæti gert mögulegt að vera með heilsársstarfsemi í Hólaskjólum og opnað fyrir vetraraðfeyringu á svæðinu. Hann sagði:

Já það er náttúrulega það sem við þurfum nauðsynlega það er betri vegur, til þess að bílaleigubílar, eða fólk á bílaleigubílum geti keyrt þarna inn eftir. Því þarna er náttúrulega orðið fært löngu áður en að Vegagerðin opnar yfirleitt. Þannig að við höfum verið að berjast fyrir því að Vegagerðin setji bara lokunarskilti sko innan við Hólaskjól, s.s. inn við Eldgjá en sé ekki að hanga á því alltaf að loka hérna niður í byggð fram eftir öllu sumri þegar túristarnir vilja komast aðeins lengra sko.

Viðmælendur sem reka aðfeyringarvirktæki á svæðinu tóku undir það að virkjun hefði líklega í för með sér aukna uppbyggingu í Hólaskjólum vegna betra aðgengis og töldu að með virkjun yrði „*kannski sneggri og hraðari þróun eða business eða tækifæri. En hitt svona til framtíðar þá held ég að ef henni yrði ekki þá myndi þetta svona standa í stað*“.

Nokkrir viðmælendur komu inn á það að erfitt væri að skipuleggja uppbyggingu á meðan ekki lægi fyrir hvar og hvort yrði virkjað á svæðinu og sagði meðal annars viðmælandi sem býður upp á hópferðir um svæðið að:

Vandamálið í uppbyggingu í ferðaþjónustu í dag er að hún er í gíslingu virkjana og það er ekki hægt að segja hvernig maður sér fyrir sér uppbyggingu ferðaþjónustu á neinum stað á hálendinu því það er enginn að fara að setja pening í þetta á meðan hann veit ekki að hann hafi landið, s.s. þú þarft að vita það að þú hafir þetta land eins og það er eins lengi og þú þarft. Á meðan að þessi svæði eru í gíslingu virkjanaframkvæmda þá hugsar enginn um að byggja eitthvað upp, af því þú veist að einn daginn gæti það bara verið ónýtt. Fjárfestingin er bara út um gluggann. Og það, það er vandamálið við, það er enginn að horfa á Fjallabak, það er enginn að horfa á hálendið í heild sinni og hugsar hvernig væri best að byggja þetta upp í tengslum við ferðaþjónustuna. Af því að það er ekki hægt, það er bara, þetta er allt í gíslingu virkjanaframkvæmda og alltaf verið að sækja meira og meira inn og engin heildstæð hugsun í sko ferðaþjónustunni sko hvernig ættum við að byggja þetta upp. En ef að menn vissu að þarna kæmi ekki virkjun og það mætti byggja upp flotta þjónustu eða flott hótél þar sem Hólaskjól er, sem má ekki í dag, það er bannað, það er bara framkvæmdir á hálendinu eru bannaðar. Þetta er mjög asnalegt, það er eiginlegaúið að binda ferðaþjónustuna niður sko, og leyfa henni ekki að gera neinn skapaðan hlut á sama tíma og það má eyðileggja landið með virkjunum. Þetta er galið!

Viðmælandinn taldi að það væru miklir möguleikar á uppbyggingu í Hólaskjólum þar sem staðsetningin er ágæt og hægt væri að byggja upp eins konar hálendismiðstöð með grunnþjónustu. Hann taldi hins vegar að þessi uppbygging væri háð því að samstaða næðist um hvort ætti að virkja eða ekki þar sem fjárfestar myndu ekki setja pening í uppbyggingu náttúruferðamennsku á svæði sem ætti hugsanlega að nýta undir virkjun í framtíðinni. Viðmælandi sem býður upp á hestaferðir um svæðið taldi að „*það yrði minni áhugi á uppbyggingu inni í Hólaskjólum þegar það væri allt orðið meira eða minna fljótandi í vatni þarna*“.

5 Niðurstöður

Ferðamenn sem áttu leið um Hólaskjól eru flestir erlendir ferðamenn og er stærsti hluti þeirra frá Evrópu. Flestir voru að koma í fyrsta skipti á svæðið og komu þangað í hópferðarbíl, bílaleigubíl eða á eigin bíl. Ferðamenn eru oftast á ferð með ættingjum eða vinum eða eru í skipulagðri hópferð. Mikill meirihluti ferðamanna segist koma á svæðið til að ganga enda mikið um gönguleiðir í nágrenni Hólaskjóls, á Stór-Fjallabakssvæðinu og á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Jarðfræði svæðisins er einnig mikilvægt aðráttarafl svo og að baða sig í heitri laug, en margir sem fara um svæðið koma við í Landmannalaugum eða Strút.

Ferðamenn á svæðinu eru almennt mjög ánægðir með náttúruna og ferð sína um svæðið og segjast flestir heimsækja svæðið til að hvíla sig og endurnæra og til að komast burt frá daglegu amstri. Ferðamenn upplifa svæðið sem mjög náttúrulegt, fallegt og kyrrt og er svæðið talið frekar afskekkt. Í viðtölum við ferðafjónustuaðila kom fram að þeir telja það hversu afskekkt svæðið er og lítið um mannvirki vera hluti af aðráttarafli svæðisins. Ferðamenn telja einnig óraskaða náttúru og kyrrð og ró vera mikilvægasta fyrir ferðalag þeirra um svæðið auk þess sem mikið vægi er lagt við að merktar gönguleiðir séu til staðar. Óröskuð náttúra og möguleikar á gönguferðum eru einnig mikilvæg fyrir þá ferðafjónustuaðila sem nýta svæðið fyrir starfsemi sína og er svæðið talið eitt mikilvægasta göngusvæði á landinu. Næstum allir svarendur spurningalistans töldu víðerni vera hluti af aðráttarafli svæðisins og að ósnortin náttúra væri mikilvæg upplifun þeirra af svæðinu. Svipuð viðhorf koma fram í viðtölum við ferðafjónustuaðila sem flestir töldu óbyggðir og víðerni vera ein af meginástæðum þess að ferðamenn heimsæki svæðið í dag.

Ferðamenn og ferðafjónustuaðilar voru lang flestir mjög neikvæðir gagnvart uppbyggingu orkumannvirkja á svæðinu og töldu sjónræn áhrif slíkra mannvirkja neikvæðust. Ferðamenn voru neikvæðastir í garð raflína og komu svipuð viðhorf í ljós í viðtölum við ferðafjónustuaðila. Þá töldu ferðafjónustuaðilar einnig að stíflugarðar og inntakslón við Hólaskjól hefðu neikvæð áhrif á upplifun ferðamenna auk þess sem uppfok gæti orðið talsvert.


Svæðið í grennd við fyrirhugaða Búlandsvirkjun er mjög mikilvægt fyrir ferðamennsku á Íslandi þar sem mjög stór hluti erlendra ferðamanna fer þar um á leið sinni um Stór-Fjallabakssvæðið, t.d. á leið til Landmannalauga, til Eldgjár, Langasjávar og í Strút. Virkjunin og meðfylgjandi mannvirki yrði því sýnileg öllum þeim sem fara um Skaftártungu og þaðan inn á Fjallabaksleið nyrðri. Að mati ferðafjónustuaðila er svæði einnig sérstaklega verðmætt á landsvísu þegar kemur að möguleikum til útivistar svo sem göngu-, hesta- og hjólaferða og miklir ónýttir möguleikar á þeim sviðum.

6 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í Helgi Gestsson og Ingjalður Hannibalsson (ritstj.), *14. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson & Birgitta Stefánsdóttir (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. Áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London; New York: Routledge.
- Demeritt, D. (2002) What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), pp. 767-790.
- Hall, C.M. & Page, S.J. (2014) *The Geography of Tourism and Recreation: Environment, Place and Space*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Hammersley, M. og Trainou, A. (2012). *Ethics in Qualitative Research*. London: SAGE
- Orkustofnun (2015). *Virkejunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3140A Búlandsvirkjun, viðauki 35 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/04, Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-35.pdf>
- Punch, K.P. (2014). *Introduction to Social Research, Quantitative & Qualitative approaches*. London: SAGE.
- Stankey, G. H. (1973). *Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity* (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi). Ogden, Utah: Intermountain Forest & Range Experiment Station, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.

Viðauki

Spurningalisti og fylgigögn spurningakönnunarinnar



Könnun meðal ferðamanna við Hólaskjól

Þakka þér kærlega fyrir báttöguna!

1. Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið á meðfylgjandi korti?

	mjög	frekar	hvorfi né	frekar	mjög
1 Náttúrulegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Manngert
2 Kyrkt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Hávert
3 Aðgengilegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Óaðgengilegt
4 Fallgott	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Ljótt
5 Áhrifamikill	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Áhrifalítið

2. Hvað heillar þig við svæðið?

3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:

	mjög óinagð(ur)	kvorki né	ínagð(ur)	mjög ínagð(ur)
1 Dröflina á sveðinu	□ ₁	□ ₂	□ ₃	□ ₅
2 Náttúru sveðisins	□ ₁	□ ₂	□ ₃	□ ₅

4. Hvað gerðir þú/ ætlar þú að gera á meðan dvöl þinni standur?

Vinsamlega merktu fleiri en eitt atriði ef við á

- ☐ 1 Gönguferð _____ klst
- ☐ 2 Hestaferð
- ☐ 3 Ökuferð
- ☐ 4 Skoða fugla
- ☐ 5 Skoða plöntur
- ☐ 6 Veða
- ☐ 7 Flúðasigling
- ☐ 8 Þaða mig í heitri lang
- ☐ 9 Skoða jarðfræðifyrirkæni
- ☐ 10 Annað:

5. Var eitthvað sem þú komst til að sjá/gera öðru fremur?

- 1 Lá bva83

6. Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?

7. Hefur þú ferðast áður um þetta svæði? ☐ Já, hve oft? ☐ 2 Nei
- _____ mín. _____ klst. _____ nætur

8. Hversu æskilegt eða óæskilegt þú telur vera að bæta vegi á þessum slóðum?
- | | | | | | |
|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| niðjög æskilegt | niðjög | frekar æskilegt | hlutlaus | frekar óæskilegt | niðjög óæskilegt |
| ☐ 1 | ☐ 2 | ☐ 3 | ☐ 4 | ☐ 5 | ☐ 6 |

14. Hvaða áhrif myndu eftiralin virkjunarmannvirki hafa á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar jákvæð	mjög jákvæð	engar skoðun
1 Bólandsvirkjun	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2 Miðlunarlón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3 Skert rennsli Skaftár	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4 Rafhlína	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

15. Lýstu nánar áhrifunum sem fyrirnefnd virkjunarmannvirki hefðu á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið

16. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þitt er til eftirfarandi:

	mjög neikvætt	frekar neikvætt	hvoru né	frekar jákvætt	mjög jákvætt
1 Frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2 Frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglendi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
3 Jarðvarmavirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
4 Frekari uppbyggingar jarðvarma- virkjana á láglendi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
5 Vindmylla á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
6 Vindmylla á láglendi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
7 Uppistöðulóna á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
8 Uppistöðulóna á láglendi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
9 Frekari lagningar rafhlína á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
10 Frekari lagningar rafhlína á láglendi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

17. Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	mjög ósammála	ósammála	hlutlaus	sammála	mjög sammála
1 Ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

2 Ég kem á staði eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært („hlæðið batterín“)

18. Hvað finnst þér um eftiralin mannvirki á svæðinu?

	mjög óæskileg	frekar óæskileg	íætlan- leg	frekar æskileg	mjög æskileg	veit ekki
1 Óuppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2 Uppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3 Vegir með bundnu slitlagi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4 Heilsársvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
5 Akbrýr á vatnsföllum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
6 Vatnsaflsvirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
7 Jarðvarmavirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
8 Uppistöðulón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
9 Rafhlínur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
10 Vindmyllur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
11 Hótel	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
12 Fjallaskálar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
13 Tjaldstræði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
14 Verslanir/veitingastaðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
15 Bensinstöðvar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
16 Salerni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
17 Matsala	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
18 Gestastofa	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
19 Fjarskiptamóstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

19. Kyn ☐1 Kona ☐2 Karl 20. Aldur: _____ ár

21. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____

22. Hvar muntu gista næstu nótt? _____

23. Hvar gistir þú síðustu nótt? _____

24. Með hverjum ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla holti sem eiga við*

- ☐1 Ein/n á ferð
- ☐2 Með fjölskyldunni
- ☐3 Eitingjum/vinum
- ☐4 Í skipulagðri hópferð
- ☐5 Vinnu-/klúbbfélögum
- ☐6 Öðrum, hvernig? _____

25. Hvernig ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla holti sem eiga við*

- ☐1 Á eigin bíl
- ☐2 Á bílaleigubíl
- ☐3 Í hópferðabíl
- ☐4 Á mótorhjóli
- ☐5 Hjólandi
- ☐6 Gangandi
- ☐7 Ríðandi
- ☐8 Öðruvísi, hvernig? _____

26. Við hvað starfar þú?

- ☐1 Nemandi
- ☐2 Skrifstofu-/þjónustustörf
- ☐3 Ófagkerð/ur
- ☐4 Eftirlaunþegi
- ☐5 Stjórnunarstörf
- ☐6 Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf
- ☐7 Heimavinnandi
- ☐8 Sérfræðingur (læknir, lögfræðingur, kennari, o.s.frv.)
- ☐9 Annað: _____

Búlandsvirkjun (vatnsaflsvirkjun 150 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð Búlandsvirkjun gengur út á að virkja Skaftá ofan við byggðina í Skaftártungu.

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Stöðvarhúsið yrði neðanjarðar norðan við Réttarfell (I) og þangað yrði vatni veitt frá lóninu um göng.

Stíflur: Tvær stíflur yrðu byggðar, önnur við Réttarfell (I) (12 m há og 570 m löng) og hin í árfarvegi Tungufljóts (II) (68 m há og 600 m löng).

Lónsstæði: Miðlunarlón myndaðist á Þorvaldsaurum sem yrði 9,3 km² í hæstu stöðu og 4,1 km² í lægstu stöðu. Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan verði um 16 m og á vorin þegar lægst er í lóninu yrðu um 5,2 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Einnig yrðu gerð setlón og inntakslón (0,65 km²) með tilheyrandi varnargörðum austan og sunnan við Hólaskjól (III) - til að draga úr setmagni í sjálfu miðlunarlóninu. Veitugöng (3,1 km) skila síðan vatni úr inntakslóni í miðlunarlón á Þorvaldsaurum.

Tenging við raforkukerfið: Tenging við raforkukerfið yrði með um 7 km langri háspennulínu norður að byggðalínu (Sigöldulínu).

Vegaframkvæmdir: Bæta þyrfti Fjallabaksleið nyrðri (F208) og byggja tvo nýja vegi. Annars vegar um 400 m langan veg frá Fjallabaksleið við Selá að gangamunna aðkomuganga austan við Réttarfell. Hins vegar þyrfti að leggja nýjan veg, um 2 km frá Fjallabaksleið norðan Réttarfells að jarðgangainntaki og stíflu í Rásgljúfri.

